



STARFSEMI HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR 2013



FORMÁLI

Þessi skýrsla hefur að geyma ítarlega samantekt um rannsóknastarfsemi Hafrannsóknastofnunar á árinu 2013 eftir þremur megin rannsóknarsviðum stofnunarinnar, stoðdeildum og útibúum. Þá er rekstraryfirlit fyrir árið 2013 í sérstökum kafla, fjallað um árangur í samhengi við helstu starfsmarkmið og gerð grein fyrir námsverkefnum, samstarfs- og kynningarmálum. Að síðustu er ítarlegt yfirlit um starfsemi Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en hann er rekinn í umsjón stofnunarinnar samkvæmt sérstökum samningi við utanríkisráðuneyti og Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókyó. Í viðaukum er að finna nánari upplýsingar um rannsóknaverkefni, leiðangra, rit og erindi starfsmanna stofnunarinnar á árinu 2013.



Fjárveiting nam 1.384 m.kr. og aukafjárveiting vegna kostnaðar við ársfund Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) sem haldin var hér á landi nam 35 m.kr. Ónýtta fjárheimild frá 2012 nam 79,6 m.kr. Sértekjur námu 1.231 m.kr. og námu því sértekjur og fjárveitingar alls 2.729,6 m.kr. Heildarkostnaður var 2.813 m.kr. og því var rekstrarhalli sem færast yfir á árið 2014 alls 83 m.kr. Rekstraráætlun gerði ráð fyrir að í árslok væri 13 millj.kr. rekstrarafgangur. Að slepptri ónýttari fjárheimild frá 2012 var rekstrarhalli innan ársins 2013 því um 163 m.kr.

Skýringin á óhagstæðri rekstrarmiðurstöðu felst fyrst og fremst í því að sértekjur urðu mun minni en áætlað var, einkum vegna lækkaðs fiskverðs en afli í rannsóknaleiðöngrum er seldur á markaði. Hlutdeild sértekna í heildarrekstri hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin en fjárveitingar lækkað. Slíkt veldur óhjákvæmilega meiri sveiflum í rekstri sem er mjög óæskilegt fyrir rannsóknastofnun eins og Hafrannsóknastofnun sem að stórum hluta sinnir árlegum vöktunarverkefnum á innlendum fiskistofnum og vöktun á deilistofnum skv. samningum við nágrannaþjóðir. Nauðsynlegt er að dregið verði úr umfangi óstöðugra sértekna og beinar fjárveitingar auknar.

Á árinu 2013 var úthald rannsóknaskipanna sem hér segir:

Árni Friðriksson RE 200 – 176 dagar,

Bjarni Sæmundsson RE 30 – 145 dagar.

Í viðauka kemur fram hve umfangsmikið kynningarstarf á niðurstöðum rannsókna er unnið af starfsmönnum stofnunarinnar og birt undir höfundarnafni, en alls er þar að finna 105 titla greina og skýrsla, þar af 32 í ritrýndum vísindaritum, 7 í ýmsum fræðiritum og 66 rannsóknaskýrslur um haf- og fiskifræðileg málefni.

Líkt og undanfarin ár tók Hafrannsóknastofnun á árinu 2013 virkan þátt í starfsemi nokkurra fjölþjóðasamtaka á sviði haf- og fiskifræði. Mikilvægast í þessu samstarfi er þátttaka í starfi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES), en einnig má nefna Norðaustur- og Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðinefndirnar (NEAFC og NAFO), Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðið (NAMMCO), Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) og Alþjóða-túnfiskverndarráðið (ICCAT). Þátttöku í vinnufundum þessara stofnana tengjast yfirleitt skýrsluskil og/ eða samantekt og kynning á niðurstöðum sem varða rannsóknir og ráðgjöf

Þessi skýrsla hefur að geyma ítarlega samantekt um rannsóknastarfsemi Hafrannsóknastofnunar á árinu 2013 eftir þremur megin rannsóknarsviðum stofnunarinnar, stoðdeildum og útibúum.

á vegum stofnunarinnar. Á árinu var unnið að undirbúningi ársfundar Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES), sem haldinn var í Hörpu í september 2013. Stofnunin tók þátt í nokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum, m.a. á vegum Evrópusambandsins (ESB) og hefur á undanförmum árum notið umtalsverðra styrkja frá rannsóknáætlunum ESB og var svo einnig á árinu 2013. Óhætt er að segja að þetta fjölþjóðlega samstarf krefjist skilvirkni og setji stofnuninni ströng markmið sem standast verða alþjóðleg viðmið.

Þann 21. febrúar 2013 hélt Hafrannsóknastofnun sína árlegu ráðstefnu um haf- og fiskifræði við Ísland í 6. sinn. Að þessu sinni var efni ráðstefnunnar rannsóknir á áhrifum veðurfars á lífríki sjávar á Íslandsmiðum. Að vanda tóku starfsmenn stofnunarinnar þátt í fjölmörgum fundum aðila í atvinnugreininni á árinu. Í júní 2013 voru haldnir opnir fundir um rannsóknir stofnunarinnar og ráðgjöf í Grundarfirði og Vestmannaeyjum, og mæltust þeir afar vel fyrir.

Þann 28. desember 2012 tóku gildi ný lög um Hafrannsóknastofnun þar sem stjórn stofnunarinnar var aflögð en gert er ráð fyrir skipun ráðgjafarnefndar, sem kom fyrst til fundar í desember s.l. undir formennsku Jóhanns Guðmundssonar, skrifstofustjóra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Með nýju lögunum er einnig gert ráð fyrir skipun samstarfsnefndar ráðuneyta um langtímanýtingarstefnu sem ætlað er að vinna í náinni samvinnu við Hafrannsóknastofnun.

Það er ljóst að með nýsamþykktari starfs- og rekstraráætlun fyrir árið 2014 er gengið á kjarnastarfsemi Hafrannsóknastofnunar, þ.m.t. vöktunar- og fiskirannsóknir sem gegna mikilvægu hlutverki við stjórn fiskveiða og markaðssetningu íslenskra sjávarafurða. Forsendur áætlunarinnar hvíla verulega á tekjum öðrum en framlagi í fjárlögum, einkum á styrkjum úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Á síðustu árum hefur Hafrannsóknastofnun margítrekað bent á hve óheppilegt það er að vöktunarstarf og rannsóknir séu svo mjög háðar sértekjum úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins, sem sveiflast geta verulega milli ára. Hafrannsóknastofnun hefur þess vegna lagt til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gangist fyrir því að tekjur úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins renni í ríkissjóð og Hafrannsóknastofnun fái þess í stað fast framlag á fjárlögum. Einnig að við endurskoðun veiðileyfagjalds á næstunni verði tryggðir fjármunir til reksturs stofnunarinnar á komandi árum.

Með þessu yrði styrktur fjárhagslegur grundvöllur starfseminnar, en ekki er unnt að draga meira úr þessari mikilvægu starfsemi, sem er grundvöllur sjálfbærra veiða á Íslandsmiðum og nærliggjandi svæðum. Fyrir dyrum standa mörg brýn verkefni árið 2015, sem Íslendingar eru skuldbundnir til að sinna, m.a. þátttaka í fjölþjóðlegum rannsóknaleiðangri á karfastofnum, í sameiginlegum makrílrannsóknnum og fjölþjóðlegum hvalatalningaleiðangri á Norður Atlantshafi.

Reykjavík, 27. janúar 2014
Jóhann Sigurjónsson

Með þessu yrði styrktur fjárhagslegur grundvöllur starfseminnar, en ekki er unnt að draga meira úr þessari mikilvægu starfsemi, sem er grundvöllur sjálfbærra veiða á Íslandsmiðum og nærliggjandi svæðum.



EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	3
STARFSEMIN ÁRIÐ 2013	6
RANNSÓKNASTARFSEMI	6
Sjó- og vistfræðisvið	7
Nytjastofnasvið.	11
Veiðiráðgjafarsvið	24
Útibú og tilraunaeldisstöð	26
STOÐDEILDIR	31
ÖNNUR STARFSEMI	33
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna.	37
REKSTRARYFIRLIT	39
VÖRÐUR OG STEFNUMARKANDI ÞÆTTIR Í STARFSEMI ÁRSINS 2013	40
VIÐAUKAR UM STARFSEMI ÁRSINS 2013	44
STARFSMENN	44
RANNSÓKNA- OG VERKÁÆTLANIR SEM UNNIÐ VAR AÐ ÁRIÐ 2013.	47
LEIÐANGRAR ÁRIÐ 2013	51
RIT.	54
FYRIRLESTRAR, VEGGSPJÖLD OG ÁGRIP	67
FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, KYNNISFERÐIR	84
MÁLSTOFA HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR.	91
ÚTGEFIÐ EFNI	92
Hafrannsóknir	92
Önnur rit	92

STARFSEMIN ÁRIÐ 2013

RANNSÓKNASTARFSEMI

SJÓ- OG VISTFRÆÐISVIÐ

Almennt

Alls var unnið að um 40 skilgreindum verkefnum á sjó- og vistfræðisviði á árinu 2013. Viðamestu verkefni tengdust árlegri vöktun á ástandi sjávar og svífsamfélaga í hafinu umhverfis landið. Niðurstöður þeirrar vöktunar eru birtar í árlegri skýrslu um vistfræði sjávar í ritröð stofnunarinnar. Á árinu var unnið að fjórum fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum sem styrkt eru af Evrópusambandinu. Eitt er um strauma í Norður-Atlantshafi, annað um kolefnisbúskap hafsins, það þriðja um flutning lífmassa og kolefnis innan fæðuvefsins og hlutfallslegt mikilvægi örvera í kolefnishringrásinni og það fjórða um aðfluttar, ágengar tegundir botnþörungna. Þá var unnið að innleiðingu nýrra vatnalaga sem taka til strandsjávar 1 sjómílu út fyrir grunnlínu landhelginnar. Síldardauðinn í Kolgrafafirði varð til þess að miklar rannsóknir fóru þar fram á árinu þar sem umhverfisástand í firðinum var vakt. Jafnframt því fór í gang rannsóknaverkefni sem miðar að því að skilja betur orsakir síldardauðans. Mjög mörg erindi um umhverfismál berast sérfræðingum sviðsins til umsagnar og tengjast þau margvíslegri starfsemi og framkvæmdum.

Árstíðarbundnir leiðangrar voru farnir til þess að kanna ástand sjávar á árinu 2013.

Jarðfræði hafsbotnsins

Hafsbotnsrannsóknir beindust sem fyrr að úrvinnslu fjölgeisladyptargagna. Að þessu sinni var ekki farið í kortlagningarleiðangur en áfram var unnið úr mæligögnum fyrri leiðangra. Meðal annars af veiði- og hrygningarslóðum vestur af landinu. Þar hafa umfangsmikil fjölgeislagögn gefið nýjar upplýsingar um botnlögun á stóru hafsvæði innan íslenskrar lögsögu. Neðansjávarfjöll og miklir farvegir setja svip sinn á landslag hafsbotns utan við landgrunnshlíðina en menjar ísaldarjökuls á sjálft landgrunnið. Unnið var að endurskipulagi fjölgeislagagna.

Eðlisfræði sjávar

Árstíðarbundnir leiðangrar voru farnir til þess að kanna ástand sjávar á árinu 2013. Í febrúar fóru athuganir fram á föstum stöðvum umhverfis land líkt og áður. Í vorleiðangri í maí var mælt á öllum staðalsniðum. Í ágúst og nóvember voru mælingar á ástandi sjávar gerðar í tengslum við straummælingar og í nóvember voru athuganir á nær öllum staðalsniðum umhverfis landið.

Ástand sjávar á árinu 2013 einkenndist af því að sjávarhiti í hlýsjónum suður og vestur af landinu var yfir og um meðallag en lægri en undanfarin ár. Selta hafði sömuleiðis lækkað á þessum slóðum og var um eða undir meðallagi í hlýsjónum. Hiti og selta í efri lögum sjávar úti fyrir Norðurlandi lækkaði einnig frá því sem verið hafði. Í Austur-Íslandsstraumi yfir landgrunnshlíðum norðaustur af landinu var hiti nærri langtínameðaltali. Úti fyrir Austfjörðum voru bæði sjávarhiti og selta í efri lögum sjávar um meðallag. Niðurstöður eru notaðar við úttekt á ástandi sjávar og svífsamfélaga við landið í árlegri vistfræðiskýrslu stofnunarinnar. Líkt og undanfarin ár hélt samstarf áfram við aðrar stofnanir beggja vegna Norður-Atlantshafs um mælingar á skipum Eimskipafélagsins, en þar hefur gögnum um hita, seltu, næringarefni og koldíoxíð verið safnað á siglingaleið milli Íslands og Norður-Ameríku.



Á árinu 2013 var áfram haldið straummælingum bæði í Grænlandssundi og á Hornbanka í ESB verkefniinu NAACLIM. Mælingar í Grænlandssundi miða að því að meta magn og breytileika flæðis djúpsjárvar suður yfir neðansjárvarhrygginn vestan við landið. Þær tengjast vöktun á breytingum á hinn stóru hringrás heimshafanna. Í ágúst voru mælir í Grænlandssundi og mælar á Hornbanka teknir upp til aflestrar, en þar eru fjórar straummælalagnir. Þar héldu mælingar áfram á flæði Atlantssjárvar inn á Norðurmið og hafa þar eins og í Grænlandssundi safnast langar og afar dýrmætar tímaraðir. Þessar lagnir mynda, ásamt öðrum lögnum sem lagt hefur verið norðanvert Grænlandssund á árinu, net lagna frá Íslandi og yfir að Austur-Grænlandi sem mæla flæði sjávar til norðurs og suðurs gegnum sundið. Hafrannsóknastofnun tekur þátt í þessu verkefni í samstarfi við systurstofnanir frá Hollandi og Noregi auk þeirra stofnana sem standa að NAACLIM verkefniinu.

Árið 2013 voru einnig gerðar straumathuganir í Ísafjarðardjúpi vegna fyrirhugaðs fiskeldis. Jafnframt voru gerðar allmiklar athuganir á straumum og ástandi sjávar í Kolgrafafirði. Á haustmánuðum voru gerðar mælingar á hita, seltu og súrefnisinnihaldi í suður fjörðum Vestfjarða.



Samfelldum hitamælingum á 9 höfnum í kringum land var haldið áfram og þær niðurstöður settar á heimasíðu stofnunarinnar jafnharðan og þær komu í hús. Í Grímsey og í Reykjavík eru sjávarhitamælar tengdir sendum og eru mælingarnar þar birtar í rauntíma á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar.

Hafefnafræði

Umfang rannsókna á næringarefnum árið 2013 var líkt og árið áður. Í febrúar voru næringarefni mæld á Faxaflóa vegna langtímavöktunar á vetrarástandi í námunda við þéttbýli. Í vorleiðangri var að venju mældur styrkur næringarefna allt í kringum land í tengslum við rannsóknir á plöntusvifi og aðrar vistkerfisrannsóknir. Niðurstöður eru notaðar við úttekt á ástandi sjávar og svífsamfélaga við landið í árlegri vistfræðiskýrslu stofnunarinnar.

Rannsóknir á ólífrænu kolefni í sjó eru gerðar árlega djúpt vestur og norðaustur af landinu.

Rannsóknir á ólífrænu kolefni í sjó eru gerðar árlega djúpt vestur og norðaustur af landinu, en þessar mælingar hófust 1983 og eru nú orðnar einar lengstu samfelldu tímaraðir af þessu tagi í heimi. Þessar rannsóknir eru nú hluti af Evrópuverkefniinu CarboChange. Aðalmarkmið CarboChange er að fylgjast með flæði kolefnis milli lofts og sjávar og hvort að breytingar verða þar á með vaxandi styrk CO₂ í andrúmslofti til að geta gert magnbundna úttekt á upptöku sjávarins á CO₂. Þá var safnað kolefnissýnum og kolefni mælt með siritandi tækjum í loðnuleiðangri í september. Í ágúst var komið fyrir siritandi bauju í Íslandshafi í samvinnu við bandarísku haf- og lofthjúpsrannsóknastofnunina NOAA. Baujan hefur nema sem mæla hita, seltu, pH og pCO₂ við yfirborð sjávar og koma gögnin á netið í rauntíma. Verkefnið er þáttur í vöktun á súrnun sjávar.

Töluverðar rannsóknir hófust í Kolgrafafirði á árinu í kjölfar síldardauðans og var fjörðurinn vaktaður m.t.t. næringarefna og súrefnis allt árið.

Þörungar

Útbreiðsla og framleiðniafköst svifþörunga voru könnuð í vorleiðangri í maí. Magn svifþörunga er metið með mælingum á blaðgrænu. Niðurstöður mælinganna sýndu að gróður var óvenju rýr allt umhverfis landið, að undanskildum grynstu stöðvum við norðaustanvert landið og í minni mæli á grunnslóð Selvogsbankans. Þetta bendir til að vorkoma gróðurs hafi verið óvenju sein til þetta árið, víðast vart hafin. Af styrk næringarefna má hins vegar ráða að gróður hafi vaxið eitthvað fyrr um vorið sunnan landsins, en líkast til hefur yfirborðslag sjávar blandast við undirliggjandi sjó í hvassviðri áður en farið var þar um í lok maí.



Niðurstöður framangreindra rannsókna eru kynntar í hefðbundinni úttekt á ástandi sjávar og svífsamfélögum við landið í árlegri skýrslu stofnunarinnar um vistfræðirannsóknir. Jafnframt er gagnasafn með niðurstöðum rannsókna á svifþörungum nýtt við ýmsar aðrar rannsóknir á hafsvæðinu. Meðal annars er unnið markvisst að þróun reiknilíkans til áætlunar á frumframleiðslu og framvindu gróðurs fyrir hafsvæðið umhverfis Ísland, sem bæði tekur tillit til fyrirbyggjandi mælinga á sjósýnum og gögnum frá gervitunglum.

Á árinu 2013 var vöktun á eitruðum svifþörungum framkvæmd á nokkrum stöðum við landið. Verkefnið var unnið í samstarfi við Matvælastofnun. Sýni voru tekin og skoðuð með reglubundnum hætti á tímabilinu frá apríl til októberloka. Á öllum stöðunum fundust eitruþörungar, en í mismiklum mæli. Þegar þéttleiki eitruþörunga fóru yfir hættumörk var varað við neyslu skelfisks af viðkomandi svæði. Niðurstöður vöktunarinnar voru kynntar jafnóðum á heimasíðu stofnunarinnar (www.hafro.is/voktun) til upplýsingar fyrir skelfiskræktendur, skelfiskneytendur og aðra sem gagn hafa af.

Á árinu 2013 beindust rannsóknir á botnþörungum áfram að nýtingarmöguleikum á sölvum. Unnið var að athugunum á vexti sölva á tveimur stöðum við landið, við Reykjanes og í Breiðafirði, og voru vettvangsrannsóknir kláraðar í ár. Einnig voru teknar saman eldri heimildir um nýtanlegar sölvafjörur á Suðvestur- og Vesturlandi og þær skoðaðar með tilliti til þess hvort þær virtust nýtanlegar nú til dags.

Unnið var áfram að úrvinnslu sýna sem safnað hefur verið allt í kringum land til athugana á tegundum og útbreiðslu botnþörunga við strendur Íslands. Allviðamikill gagnagrunnur hefur safnast um botnþörunga sem stefnt er að að verði aðgengilegur almenningi í opnu vefviðmóti. Safni af öllum tegundum frá söfnunarstöðum allt í kringum land hefur einnig verið komið upp og verður það varðveitt til framtíðar á Náttúrufræðistofnun Íslands. Verkefnið er hluti af úttekt á botnþörungum í Norður-Atlantshafi og er unnið í samvinnu við Museum of Natural History í Lundúnum og Botanisk Museum í Kaupmannahöfn.

Þá hófst nýtt verkefni um aðfluttar ágengar tegundir botnþörunga (INVASIVES) þar sem ætlunin er að meta hvaða áhrif flutningur framandi lífvera inn á ný svæði hefur á líffræðilegan fjölbreytileika.

Dýrasvíf

Að venju var magn og útbreiðsla átu könnuð allt í kringum land í vorleiðangri í maí 2013. Þá var fylgst með magni og útbreiðslu átu í köntunum suður og austur af landinu og í Austurdjúpi í leiðangri sem einnig var farinn í maí í tengslum við sameiginlegar síldarrannsóknir Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga, Rússa og Evrópusambandsins í Noregshafi. Í júlí-ágúst voru gerðar svipaðar athuganir í tengslum við rannsóknir á útbreiðslu, vistfræðilegri stöðu og göngum makríls innan íslensku lögsögunnar. Sýnin sem safnast í þessum rannsóknum eru nýtt til að meta tegundasamsetningu og lífmassa dýrasvífsins með smásjárskoðunum og vigtunum, en auk þess eru valin sýni greind til tegunda og hópa á sjálfvirkan hátt með aðferðum sem þróaðar hafa verið nokkur undanfarin ár á stofnuninni þar sem sérstakur úrvinnsluhugbúnaður kemur við sögu (ZooImage).

Að venju var magn og útbreiðsla átu könnuð allt í kringum land í vorleiðangri í maí 2013.

Til að fá nákvæmari upplýsingar um tegundasamsetningu, magn og útbreiðslu dýrasvífs í Noregshafi og til að skoða árlegar breytingar í tengslum við hitafar og útbreiðslu síldar voru eldri dýrasvífssýni úr Noregshafi skönnuð í Þekkingarsetri Suðurnesja í Sandgerði undir handleiðslu átusérfræðinga stofnunarinnar. Verkefnið er styrkt af Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Sýnin eru því tilbúin til greiningar á sjálfvirkan hátt og stefnt er að því að það verði gert árið 2014.

Áfram var unnið að rannsóknum á útbreiðslu og dýpsdreifingu dýrasvífs, þ.m.t. fiskeggja og -lirfa, á finum skala á Selvogsbanka með svífsjá (VPR, Video Plankton Recorder). Fyrstu niðurstöður leiða í ljós ýmis áhugaverð atriði, m.a. að mismunandi tegundir og hópar svífdýra hafa talsvert ólíka dreifingu í vatnsbolnum, jafnvel þótt dreifingin virðist eins þegar háfagögn eru lögð til grundvallar.



Hafrannsóknastofnun er þátttakandi í verkefni sem styrkt er af Evrópusambandinu og hefur sem meginmarkmið að auka skilning á útbreiðslu, stofngerð, stofnsveiflum og fæðuvistfræðilegum tengslum mikilvægustu svífdýra- og uppsjávarfiskistofna í Norður-Atlantshafi, m.a. með hliðsjón af hnattrænum umhverfisbreytingum (EURO-BASIN). Verkefnið hófst formlega í ársbyrjun 2011 og því mun ljúka í árslok 2014. Liður í þessu verkefni er lýtur að því að rannsaka vistfræði ljósátu við Ísland og er unnið í samvinnu við Háskóla Íslands. Í því sambandi var gert sérstakt átak til að mæla magn ljósátu umhverfis landið með bergmálmælingum, svífsjarmælingum og með sérhannaðri ljósátuvörpu. Framhald rannsókna er fyrirhugað á næsta ári. Einnig var safnað þörungum og algengum átutegundum fyrir norðan og sunnan land til að meta fæðuvistfræðilega stöðu þeirra að vorlagi.

Haldið var áfram að vinna úr gögnum sem safnað var árin 2011 og 2012 í rannsóknaverkefni sem lýtur að því að afla upplýsinga um magn, framleiðni, fæðugildi og veiðanleika ljósátu í Ísafjarðardjúpi. Verkefnið var styrkt af AVS rannsóknasjóði, það hófst um mitt ár 2011 og lauk formlega um mitt ár 2013 með því að samin var lokaskýrsla um verkefnið til AVS rannsóknasjóðs. Verkefnið hefur gefið mikilvægar upplýsingar um magn, efnasamsetningu og veiðanleika ljósátu í Djúpinu. Nokkur óvissa er í magnmælingunum og því var á árinu sótt um framhaldsstyrk til AVS-sjóðsins til að freista þess að minnka þessa



óvissu. Á þessari stundu er allt á huldu um hvernig umsókninni reiðir af. Auk þess að taka þátt í Evrópuverkefnum sem vikið var að hér fyrir framan, tóku starfsmenn stofnunarinnar sem sinna dýrasvífsrannsóknum virkan þátt í ýmsum alþjóðlegum samvinnuverkefnum á vettvangi ICES og norrænnar samvinnu. Þannig kynntu þeir á árinu niðurstöður um það hvort rauðáta myndist í veiðanlegu magni hér við land á ársfundi vinnunefndar ICES um vistfræði dýrasvífs og um útbreiðslu og magn átu í Noregshafi á vinnunefndarfundi ICES um samþættingu aðferða við mat á vistkerfum Noregshafs og aðliggjandi hafsvæða í Bergen. Þá kynntu þeir niðurstöður um árstíðabreytingar smáátu við Vestmannaeyjar og langtímabreytingar rauðátu við Ísland á fundi á Svalbarða sem styrktur var af Arctic Studies sjóðnum. Á Arctic Frontier ráðstefnunni í Tromsø voru fæðutengsl uppsjávarlífvera norður og suður af Íslandi kynnt en einnig voru niðurstöður áturannsóknna kynntar á ársfundi ICES sem haldinn var á Íslandi. Marina Chelak, doktorsnemandi við Háskólann í Bodö, dvaldi á stofnuninni í þrjú mánuði (september-nóvember) og naut leiðsagnar átusérfræðinga stofnunarinnar.

Unnið var að samantekt á upplýsingum sem safnast hafa við kortlagningu kóralsvæða hér við land undan farin ár og mun hún verða gefin út árið 2014.

Botndýr

Skráing kóraltægunda á nokkrum sniðum sem þegar hafa verið mynduð með neðansjávarmyndavélum úr leiðöngnum tengdum kortlagningu búsvæða fór fram á árinu. Unnið var að samantekt á upplýsingum sem safnast hafa við kortlagningu kóralsvæða hér við land undan farin ár og mun hún verða gefin út árið 2014. Þar verður meðal annars gert grein fyrir útbreiðslu kórals og rætt um samspil kóralsvæða við botnlagið. Dreginir verða fram helstu þættir sem einkenna hvert kóralsvæði fyrir sig og staða verndunar skýrð. Samstarfsverkefni um útbreiðslu kaldsjávarkórals í N-Atlantshafi hófst á milli Hafrannsóknastofnunar og norsku Hafrannsóknastofnunarinnar (IMR) í Bergen. Það verkefni er styrkt af Arctic Studies Science Cooperation Fund. Haldinir voru tveir fundir í Bergen, og einn í Reykjavík af þessu tilefni. Unnið er að tímaritsgrein þar sem fjallað er um útbreiðslu kaldsjávarkórals sem er hluti af þessu samstarfi.

Skýrsluskrifum úr öllum verkþáttum Evrópuverkefnisins CoralFISH lauk á árinu og er okkar þætti í þessu verkefni þar með lokið. Í heildina voru skrifaðar 5 stórar skýrslur, sem fjölluðu aðallega um þær rannsóknir sem fóru fram í Lónsdjúpi, þar sem 1) kannað var samband fiska og búsvæða metið á grundvelli myndefnis annars vegar og línuveiða hins vegar, 2) gerð var úttekt á búsvæðagerðum með tilliti til botnlags og 3) unnið var ítarlega úr sóknargögnum til að meta fiskveiðiálag á kóralsvæðum. Margar aðrar smærri skýrslur voru skrifaðar sem ekki verður getið frekar. Á árinu hófst vinna við að skrifa tímaritsgreinar sem byggðar eru á þessum skýrslum. Einnig fór töluverð vinna fram við greinarskrif úr rannsókn þar sem áhrif vatnsþrýstiplógs voru könnuð og er hún á lokastigi. Að auki var unnið að handriti fyrir tímaritsgrein þar sem borið var saman botndýralíf og gerð búsvæða innan friðunarsvæðis við aðliggjandi veiðislóð.



NYTJASTOFNASVIÐ

Almenn starfsemi

Á árinu var unnið að nær 75 rannsóknaverkefnum á nytjastofnasviði. Stór hluti þeirra eru langtímaverkefni sem tengjast mati á stofnstærð rúmlega 30 nytjastofna. Rannsóknir á ýmsum lífsháttum fjölmargra tegunda skipuðu einnig veglegan sess í rannsóknum á sviðinu. Þess skal getið að nokkur verkefni varðandi nytjastofna voru að mestu leyti framkvæmd á vegum útibúa stofnunarinnar og eru þau því tilgreind nánar síðar í skýrslunni. Stór hluti vinnunnar á nytjastofnasviði tengist undirbúningi að úttekt á hinum ýmsu nytjastofnum. Undirstöðupættir stofnmats eru lengdar- og þyngdarmælingar auk aldursákvæðana. Á árinu 2013 voru rúmlega 1,3 milljónir fiska og um 200 þúsund hryggleysingjar (humar, rækja og skel) lengdarmældir af starfsmönnum stofnunarinnar og veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu. Um 160 þúsund fiskar voru kvarnaðir eða safnað af hreistri til aldursákvæðana.

Stofnstærðarrannsóknir

Að venju fóru stofnmælingar fram með ýmsum hætti, einkum þó veiðarfærum (botnfiskar og hryggleysingjar) og með bergmálsaðferð (uppsjávarfiskar). Mikilvægur þáttur í mati á stofnstærð eru jafnframt gögn úr afladagbókum fiskiskipa sem nýtt eru fyrir mat flestra nytjastofna. Slík gögn eru þó mikilvægust fyrir stofna sem erfitt er að aldursgreina eða þar sem gögn um aldursdreifingu afla eru ekki til staðar. Aldurs-afla reiknilíkön, tímaraðgreiningar og afraksturslíkön voru síðan notuð til að meta stærð nokkurra helstu nytjastofnanna.

Á árinu 2013 voru rúmlega 1,3 milljónir fiska og um 200 þúsund hryggleysingjar (humar, rækja og skel) lengdarmældir af starfsmönnum stofnunarinnar og veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu.

Stofnmælingar með rannsóknnum

Botnfiskar

Stofnmæling botnfiska að vori (SMB) fór fram í 29. sinn dagana 26. febrúar–17. mars. Stofnmælingin, sem er umfangsmesta einstaka verkefni stofnunarinnar, var framkvæmd af rannsóknaskipunum Árna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni og þremur togurum á 600 togstöðvum allt í kringum land. Helsta markmið stofnmælingarinnar er að meta stofnstærð og nýliðun fjölmargra botnlægra fiskistofna og þannig skiptir verkefnið miklu varðandi aflaráðgjöf Hafrannsóknastofnunar til stjórnvalda. Að auki veitir verkefnið mikilvægar upplýsingar um útbreiðslu og líffræðilegt ástand botnfiska.



Í apríl fór fram stofnmæling með netum (SMN) á fimm netabátum við Suður- og Vesturland og einum bát norðan lands. Markmið verkefnisins er m.a. að safna upplýsingum um aldur, lengd, þyngdarsamsetningu, kynþroska og vöxt hrygnandi þorsks á helstu hrygningarsvæðum þorsks. Einnig að meta árlega magn kynþroska þorsks er fæst í þorskanet á hrygningarstöðvum og breytingar í gengd hrygningarþorsks á mismunandi svæðum og fer stofnmælingin fram á svæðinu frá Breiðafirði suður um land að Eystra Horni auk Norðurlands, frá Húnaflóa að Langanesi. Á rannsóknasvæðunum voru lagðar um 300 netatrossur og var helmingur þeirra lagður í fóst stæði og hinn helmingurinn af veiðistöðum var valinn af skipstjóra.

Í júlí fór fram árleg könnun á skarkola og sandkola í Faxaflóa á dragnótabátum til að afla upplýsinga um aldursdreifingu og magn þessara tegunda í flóanum. Í humarleiðangri í maí, á svæðinu frá Jökuldjúpi austur í Lónsdjúp fást mikilvægar upplýsingar fyrir stofnmat á langlúru sem hefur svipaða útbreiðslu hér við land og humar, auk skráplúru sem er mjög útbreidd á humarslóð.

Stofnmæling botnfiska að haustlagi (haustrall) fór fram í 17. sinn dagana 1. október – 4. nóvember. Rannsóknasvæðið var umhverfis Ísland allt niður á 1500 m dýpi og náði einnig til grænlenkrar lögsögu. Alls var togað á 379 stöðvum. Á afmörkuðu svæði vestur af Víkurál í grænlenkri lögsögu voru jafnframt teknar sex togstöðvar vegna rannsókna á þorski. Helsta markmið haustrallsins er að styrkja áreiðanleika mats á stofnstærð helstu botnlægra nytjastofna á Íslandsmiðum með sérstakri áherslu á lífshætti og stofnstærð djúpkarfa og grálúðu. Auk þess er markmið verkefnisins að fá annað mat, óháð aflagögnum, á stofnstærð þeirra nytjastofna sem Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum (vorrall) nær yfir, afla upplýsinga um útbreiðslu, líffræði og fæðu tegundanna og safna upplýsingum um djúpfiska. Til rannsókna voru notuð rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunar, Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson.

Stofnar hryggleysingja

Helstu stofnmælingar á hryggleysingjum eru stofnmat á úthafsækju og innfjarðarstofnum rækju, auk humars og hörpudisks. Stofnmæling úthafsækju (SMR) fór fram á rs. Bjarna Sæmundssyni á tímabilinu 4. júlí til 19. júlí á svæðinu frá Vestfjarðamiðum og norður um til Austurmiða. Þessar rannsóknir veita mikilvægar upplýsingar um stofnstærð og nýliðun á öllu útbreiðslusvæði úthafsækju. Stofnmæling innfjarðarrækju fór fram á leiguskipi í Arnarfirði,

Helsta markmið haustrallsins er að styrkja áreiðanleika mats á stofnstærð helstu botnlægra nytjastofna á Íslandsmiðum með sérstakri áherslu á lífshætti og stofnstærð djúpkarfa og grálúðu.

Ísafjarðardjúpi og fjórum fjörðum norðan lands í september og október. Stofnvísitala og nýliðun rækju var að venju metin eftir svæðum en einnig var kannaður fjöldi og útbreiðsla seiða og smáfisks af þorski og ýsu með tilliti til þess hvort veiðar gætu hafist. Í kjölfar könnunar var lagður til 150 tonna hámarksafli veturinn 2013/2014 í Arnarfirði og 900 tonna hámarksafli í Ísafjarðardjúpi. Ekki voru lagðar til veiðar á rækju í Húnaflóa, Skagafirði, Skjálfanda né Axarfirði. Könnun á rækjumíðum við Snæfellsnes fór fram á leiguskipi um mánaðarmótin apríl / maí og leiddi hún til opunar inn á Breiðafirði í mánuðunum maí til júlí. Einnig var farið í könnun á leiguskipi á svæðinu við Eldey og voru leyfðar veiðar á 250 tonnum af rækju í kjölfar hennar.

Árlegur humarleiðangur var farinn í maí á leiguskipi á hefðbundna humarslóð sunnan lands frá Jökuldjúpi austur í Lónsdjúp. Leiðangurinn metur m.a. stofnvísitölu humars og nýliðun auk þess sem hann rennir traustari stöðum undir sýnatöku úr humarafla eftir svæðum fyrir endanlegt stofnmat. Þessi rannsókn er einnig mjög mikilvæg fyrir stofnmat á langlúru sem hefur svipaða útbreiðslu hér við land og humar, auk skráplúru sem er mjög útbreidd á humarslóð.

Í október fór fram stofnmæling hörpudisks á leiguskipi í norðurhluta Breiðafjarðar og var farið víðar yfir en í hefðbundinni stofnmælingu. Mikilvægi rannsóknarinnar er einkum fólgið í upplýsingum um stofnvísitölur og nýliðun en í ár var einnig notaður vídeósleði og forkönnun á því að veiða skeljar með sögi upp í sleða. Stofninn í Breiðafirði hefur minnkað um rúmlega 85% síðan í ársbyrjun 2000, sem rekja má til stóraukinna náttúrulegra dauðsfalla einkum í eldri hluta stofnsins. Nýliðun hefur mælst lág undanfarin ár, en í ár sást nokkuð víða eins árs skel frá árinu 2012. Ástand eldri skelja var gott.

Stofnunin, ásamt Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurnesjum, kom að merkingartilraunum á grjótkrabba við Geldinganes þriðja árið í röð. Rannsóknirnar miða að því að meta þéttleika grjótkrabba en síðan krabbinn fannst fyrst við Ísland árið 2006 hefur hann orðið æ algengari á grunnslóð Vestanlands og er álitleg framtíðar nytjategund. Vísindagrein birtist um merkingarnar í Náttúrufræðingnum. Einnig var unnið með útgerðaraðilum að könnun á grjótkrabbaveiðum í Faxaflóa og Breiðafirði.

Stofnmat sæbjúgna í Aðalvík fór fram árið 2008 og á afmörkuðum svæðum í Faxaflóa árin 2008, 2009 og 2012. Árið 2013 fór jafnframt fram neðansjávarmyndataka af plógnum við veiðar. Fylgst er með veiðum og afla á sóknareiningu í Faxaflóa og við Austfirði í gegnum aflaskýrslur og líkan notað til að áætla útbreiðslu og magn á svæðunum.

Rannsóknir á hrygningu og kynþorska kræklinga ásamt umhverfisaðstæðum á ræktunarsvæðum í Steingrímsfirði og Patreksfirði fóru fram 2010–2011 og er enn unnið úr niðurstöðum þeirra rannsókna. Kræklingurinn á svæðunum hrygnir frá júlí til nóvember en aðalhrygningartími er í ágúst og september.

Ýmsar athuganir fóru fram á öðrum hryggleysingjum, bæði í tengslum við leiðangra á vegum stofnunarinnar og einnig bárust henni eintök sem voru greind. Þá er fylgst með veiðum á ígulkerum sem hafa verið litlar en stöðugar undanfarin ár.

Uppsývarfiskar

Nokkrir bergmálsleiðangrar voru farnir veturinn 2012/2013 til stofnmælinga á íslensku sumargotssíldinni og þá einkum í Breiðafjörð. Í stofnmatinu vorið 2013 sem notað var til grundvallar að ráðgjöf fyrir vertíðina 2013/2014, voru notaðar niðurstöður leiðangurs frá lokum nóvembers 2012 er Dröfn RE og Bolli SH önnuðust mælingar í Breiðafirði og niðurstöður mælinga frá lokum október á r/s. Bjarna Sæmundssyni fyrir Austur-, Suður-, og Vesturlandi. Þessu til viðbótar fór Dröfn RE til mælinga á ungsíld fyrir norðan og vestan land í lok október og Bolli SH alls um fimm sinnum inn á innanverðan Kolgrafafjörð á tímabilinu frá nóvember fram í mars. Ástæður leiðangra Bolla var að bergmálsmaela fullorðna hluta síldarstofnsins sem hélt sig að mestu leyti innan brúar í Kolgrafafirði og hinsvegar rannsóknir í kjölfar tveggja mikilla síldardauða þar 14. desember 2012 og 1. febrúar 2013. Rannsóknirnar fólust í að meta magn dauðrar síldar með því að mynda botn fjarðarins, ákvarða hitastig, seltu og súrefnismettun og ákvarða magn og dreifingu lifandi síldar í kjölfar þessara atburða. Alls var metið að um 55 þúsund tonn af síld hafi drepist þessa tvo daga vegna súrefnisskorts. Í rannsóknarleiðöngnum vetrarins var jafnframt fylgst með umfangi og þróun sýkingar af völdum Ichthyophonus hoferi í síldarstofninum en nýjar niðurstöður sýna að dauði af völdum sýkingarinnar sé mun minni en áður hefur verið talið. Eins og áður sagði mældist mest af síld inni á Kolgrafafirði en auk þess fannst umtalsvert magn síldar í Breiðamerkurdjúpi og austur af Vestmannaeyjum. Auk ofangreindra rannsókna var síld safnað í síldar- og makrilleiðöngnum Árna Friðrikssonar fyrir vestan land í maí, júlí og ágúst. Þá var umfangsmikil sýnasöfnun úr afla með það markmið að meta aldursamsetningu í veiðunum og sýkingu í stofninum. Markmið bergmálmælinga á síld að vetri til hefur lengst af verið tvíþætt, þ.e. mæling á stærð veiðistofnsins annars vegar og hins vegar stærð uppvaxandi árganga með tilliti til væntanlegrar nýliðunar í veiðistofninn. Hvort tveggja leggja svo grunn að mati á stærð stofnsins, ásamt aflagögnum.

Rannsóknir á sýkingu af völdum frumdýrsins Ichthyophonus hoferi í síld veturinn 2012/2013 voru með hefðbundnum hætti með sýnatöku úr afla og í rannsóknarleiðöngnum. Líkt og fyrri ár var sýkingarhlutfall í stofninum tengt árgöngum þar sem 2004–2006 árgangarnir hafa haft lang hæsta hlutfallið og árgangur 2008 og yngri nánast ósýktir. Það bendir því til þess að nánast ekkert nýsmít hafi átt sér stað í stofninum allt frá haustinu 2010. Þessu til viðbótar bendir ítarleg skoðun á gögnum undanfarinna ára til að síðan 2010 hafi sýkingin innan stofnsins nánast ekkert þróast eða ágerst yfir árið. Þetta er túlkað sem svo að síldin sé að lifa af sýkinguna og sýkingardauði í stofninum sé miklu minni en gert hefur verið ráð fyrir hingað til. Í stofnmati á síld 2013 var í fyrsta sinn tekið tillit til niðurstaðna þessara rannsókna og var því áætlað að sýkingardauði hafi aðeins átt sér stað tvö fyrstu árin eftir að sýkingin kom upp haustið 2008. Af þessu sögðu er gert ráð fyrir að vart verði við sýkingu í stofninum allt þar til að sýktustu árgangarnir hafi elst út úr stofninum vegna veiða og náttúrulegs dauða.

Í byrjun febrúar varð öðru sinni þann vetur vart við mikið magn dauðrar síldar innan brúar í Kolgrafafirði þar sem sumargotssíldin hefur haft vetursetu í mismiklu mæli undanfarna vetur. Athuganir stofnunarinnar sýndu að um 25 þúsund tonn höfðu drepist í þetta skiptið og var dauðu síldina einkum að finna í fjöru og grunnt í vestanverðum firðinum. Mælingar á umhverfisþáttum sýndu jafnframt að styrkur súrefnis á svæðinu var mjög lágur og talið er fullvíst að síldin hafi drepist af þeim sökum, líkt og í fyrra skiptið í desember 2012.



Magn og útbreiðsla norsk-íslensku síldarinnar og kolmunna innan íslenskrar lögsögu, suðaustur, austur og norðaustur af landinu var rannsökuð á rs. Árna Friðrikssyni í maí 2013. Almenn var magn og útbreiðsla norsk-íslensku síldarinnar með svipuðum hætti og árin tvö á undan, eða minna magn og ekki eins vestlæg útbreiðsla eins og árin 2008–2010. Útbreiðsla kolmunna við kantana vestur og suður af landinu var einnig könnuð í þessum leiðangri eins og gert hefur verið um nokkurt árabíl. Líkt og í maí 2011 og 2012 var töluvert magn af ungmunna á þessum slóðum sem ásamt niðurstöðum frá öðrum hafsvæðum sýna að stofninn sé að rétta úr kútnum eftir samfleyta lélega nýliðun allt frá árinu 2004. Þessar bergmálsrannsóknir eru hluti af alþjóðlegum leiðangri og eru niðurstöður hans notaðar við stofnmat og ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um veiðar úr þessum stofnum. Einnig fást mikilvægar haf- og vistfræðilegar upplýsingar í þessum rannsóknnum sem meðal annars verða nýttar innan nýstofnaðs vinnuhóps innan ICES sem ætlað er að koma með tillögum um vistfræðilega stjórnun veiða á þessu hafsvæði.

Leiðangrar sem beinast að kynþroska hluta loðnustofnsins, þ.e.a.s. veiðistofninum, hafa venjulega verið farnir að hausti (október/nóvember) og/ eða að vetri (janúar/febrúar). Tilgangur þeirra er að mæla stærð veiðistofnsins og ákvarða endanlegt aflamark fyrir vertíðina. Haldið var frá Reykjavík þann 4. janúar 2013 á r/s Árna Friðrikssyni vestur og norður fyrir land að veiðisvæði loðnuskipanna sem voru að veiðum norður af Langanesi fremst í loðnugöngunni. Farið var suður fyrir flotann þaðan sem mæling hófst þ. 6. janúar. Næstu daga var leitað norður og vestur með landi og mælingu lokið um kvöldið þann 12. janúar vestur í Grænlandssundi. Á allri þessari leið var vart við nokkra loðnu, en lóðningarnar voru yfirleitt mjög gisnar. Skástu lóðningarnar voru austast þar sem skipin voru að veiðum, norður af Kögri og svo vestan við 24°30'V í Grænlandssundi. Fyrir Norðurlandi voru lóðningarnar lélegastar. Loðnan á austurhluta svæðisins var mjög stór með mjög hátt hlutfall 4 ára loðnu. Vestar var loðnan einnig stór með all hátt hlutfall af 4 ára loðnu en er komið var vestur í Grænlandssund fór að bera á 2ja ára ókynþroska loðnu og eitt sýni sem tekið var við Grænlandssundi var hrein ókynþroska 2ja ára loðna. Veður var með eindæmum gott allan tímann og engar tafir voru sökum veðurs. Í Grænlandssundi var komið í ís sem hindraði för inn í grænlandsku landhelgi. Mælingu lauk þann 12. janúar. Í lok leiðangurs var leitað gróflega úti fyrir Austfjörðum áður en haldið var inn til Reyðarfjarðar til að gera hlé á mælingum. Aðeins mældust um 320 þús. tonn af kynþroska loðnu í leiðangrinum sem er langt undir því sem búist var við miðað við mælingar sem gerðar voru haustið 2012 er um 800 þús. tonn mældust af kynþroska loðnu.

Önnur mæling á göngunni frá miðjum Austfjörðum vestur fyrir Kögurgrunn var gerð 21. janúar – 7. febrúar á r/s Árna Friðrikssyni. Á öllu svæðinu voru lóðningar en mjög misþéttar. Við Langanesgrunn og vestan Þistilfjarðargrunns náðu lóðningar vel upp á grunnið. Víðast var kynþroskahlutfall loðnunnar yfir 90% en vestan Kögurs var hlutfallið mun lægra og í Grænlandssundi var eingöngu 1-árs ókynþroska loðna. Alls mældust um 873 þús. tonn af kynþroska loðnu. Að teknu tilliti til þess magns sem veitt var af loðnu milli mælinga og náttúrulegra affalla var áætlað að veiðistofninn hafi verið 990 þús. tonn 1. janúar 2013. Á grundvelli þessara mælinga og samkvæmt aflareglu um að 400 þús. tonn skuli skilin eftir til hrygningar var heildaraflamark á vertíðinni 2012/2013 ákveðið 570 þús. tonn.

Aðalmarkmið bergmálsrannsóknanna á unglóðnu er að afla upplýsinga um stærð veiðistofnsins og væntanlega nýliðun að ári. Venjan var að gera þessar mælingar í nóvember/desember en hafís hefur takmarkað mjög leitarsvæðin. Seinustu ár hefur verið leitast við að flýta þessum mælingum af ofangreindri ástæðu. Haustið 2013 hófust unglóðnumælingar 17. september og lauk þann 4. október. Rannsóknasvæðið náði frá 73°N og um 18°35'V (160 sjómílum norðan við Scoresbysund á Grænlandi) suður og suðvestur um með landgrunnsbrún Grænlands að 32°V og suður að 65°45'N. Grænlandssund var kannað og kanturinn með Norðurlandi austur að Sléttugrunnshorni. Enginn rekís var á rannsóknarsvæðinu og veður var afbragðs gott allan tímann. Loðna mældist með og uppi á kantinum við Austur Grænland alveg frá um 72°30'N að 65°45'N, í Grænlandssundi og um og utan við 500 metra kantinn fyrir vestanverðu Norðurlandi. Nánast eingöngu tveggja ára og eldri loðna fannst norðan 70°N en milli 70°N og 67°N var eldri loðnan nokkuð blönduð árs gamalli loðnu. Sunnan 67°N, í Grænlandssundi og úti fyrir Norðurlandi var að mestu eins árs loðna. Af eins árs loðnu mældust um 61 milljarðar fiska. Þar af voru 60 milljarðar ókynþroska. Af eldri loðnu mældust rúmlega 40 milljarðar, alls 687 þús. tonn. Þar af voru um 33 milljarðar kynþroska eða um 600 þús. tonn. Miðað við þessar mælingar og forsendur um náttúruleg afföll og vöxt fram að hrygningu má gera ráð fyrir að hrygningarstofninn verði um 560 þúsund tonn á hrygningartíma verði ekkert veitt. Samkvæmt aflareglu er gert ráð fyrir að skilja eftir 400 þúsund tonn til hrygningar. Hafrannsóknastofnun lagði því til að heildaraflamark á vertíðinni 2013/2014 verði 160 þúsund tonn. Það sem einkenndi loðnudreifinguna var mjög vestlæg útbreiðsla á öllum aldursflokkum eins og árin 2010 og 2012 og er það í samræmi við kenningar um að útbreiðsla loðnunnar hafi færst vestar á uppeldis- og ætisslóðum eftir að hlýnunar sjávar fór að gæta eftir 1997.

Útbreiðsla makrils í íslenskrí lögsögu var könnuð á r/s. Árna Friðrikssyni 12. júlí – 9. ágúst. Þessi leiðangur var hluti af alþjóðlegum rannsóknum á ástandi lífríkis og umhverfis í Norðaustur-Atlantshafi sem og stöðu, samspili og samkeppni hinna ýmsu fiski og átustofna á svæðinu, þar með talið makrils, kolmunna, síldar, laxsílda og rauðátu. Yfir sumartímann, að lokinni hrygningu, leitar makrillinn til norðurs í ætisleit. Útbreiðsla makrils og göngur hafa stóruáskot á þessi hafsvæði á seinustu árum og er það talið meðal annars tengjast hlýnun sjávar. Í leiðangri Árna Friðrikssonar fannst makrill nánast allt í kringum

landið og vel inn í grænlenku lögsöguna en minna var af honum á svalari hafsvæðunum fyrir Norðaustur- og Norðurlandi. Hlutfallslega mest var af makríl fyrir Suðausturlandi og Suðvesturlandi. Samantekt á gögnum allra þátttökuþjóða sýndi að rúm 17% makrilsins á rannsóknasvæðinu var innan íslensku lögsögunnar (um 1.5 milljón tonn) sem er svipaður lífmassi og sumarið 2012 en hærri en árin þar á undan. Niðurstöðurnar benda bæði til sterkrar stöðu stofnsins, þar sem heildarmagn makrils var meira en nokkru sinni fyrr síðan þessar rannsóknir hófust 2007, og góðrar nýliðunnar inn í stofninn.

Samantekt á gögnum allra þátttökuþjóða sýndi að rúm 17% makrilsins á rannsóknasvæðinu var innan íslensku lögsögunnar (um 1.5 milljón tonn) sem er svipaður lífmassi og sumarið 2012 en hærri en árin þar á undan.

Í makrilleiðöngrunum frá 2009–2013 hefur magasýnum verið safnað af makríl, síld og kolmunna. Fyrstu árin voru sýnin greind á Fræðasetrinu í Sandgerði en árið 2013 var það gert á Hafrannsóknastofnun af sumarstarfsmönnum stofnunarinnar. Greint hefur verið frá niðurstöðum hluta þessara rannsókna en frekari úrvinnsla gagna stendur yfir sem hluti doktorsverkefnis. Tilgangur fæðurannsóknanna er meðal annars að varpa ljósi á fæðutengsl þessara uppsjávarfiskistofna og áhrif makrils á vistkerfi hafins við Ísland. Sýnataka árið 2013 var hefðbundin en náði þó vestar en áður eða inn í grænlenkt hafsvæði sem og meira inn á strandsvæði við vestan og norðanvert Ísland.

Stofnstærðarlíkon

Mat á stærð og þróun nytjastofna byggir m.a. á upplýsingum um landaðan afla, aldurskiptingu aflans, upplýsingum úr afladagbókum fiskiskipa ásamt ýmsum reiknilíkonum auk ofangreindra stofnmælinga á hafi úti, en gögn úr þeim leiðöngrum eru oft nauðsynlegur þáttur í reiknilíkonum. Á árinu 2013 voru nokkur mismunandi líkon þannig notuð við stofnmat á þorski, ýsu, ufsa, skarkola, langlúru, gull- og djúpkarfa, grálúðu, skarkola, sandkola, keilu, löngu, steinbít, humri, rækju, síld, kolmunna, auk þess sem tímaraðgreiningum var beitt á nokkra ofangreindra stofna.

Merkingar

Merkingum hefur fækkað talsvert síðustu ár. Árið 2009 voru merktir 7252 fiskar en á árinu 2012 voru þeir einungis 2050, 149 þorskar, 999 skarkolar, 476 steinbítar, 266 langlúrur, 153 skötuselir og 69 lúður. Þá merktu sjómenn 55 lúður. Endurheimtur voru aðeins 226 á árinu og endurheimtust 25 þorskar, 60 ufsar, 9 steinbítar, 79 skarkolar, 1 skötuselur og 5 karfar. Þá endurheimtust 47 erlend merki, 30 grálúður og 2 ufsar merktir við Noreg og 14 þorskar og 1 grálúða merkt við Grænland.

Veifarfararannsóknir

Árið hófst með kjörhæfnileiðangri á togaranum Örfirisey þar sem þorskur og ýsa var mæld úr þremur gerðum af vörpupokum. Athyglisvert þótti hversu lág kjörhæfni mældist og gáfu þær niðurstöður því tilefni til annars leiðangurs ætluðum til kjörhæfnimælinga en með öðrum hætti. Sá leiðangur var farin í byrjun september á Árna Friðrikssyni og borin saman kjörhæfni á tveimur algengum gerðum af botnvörpupokum á tveimur algengum botnvörpum. Niðurstöður gáfu til kynna afar lága kjörhæfni sem mögulega endurspeglar lága kjörhæfni flotans við botnfiskveiðar með botnvörpu.

Nýtt verkefni hófst á árinu með það markmið að afla breiðrar þekkingar á skelfiskveiðum og hefja vinnu við hönnun á nýjum veiðiaðferðum við veiðar á hörpuðiski. Starfsmaður var ráðinn við útibúið á Ísafirði til að sinna þessu verkefni. Í ársbyrjun hófust tilraunir með dælingu (uppsog) á hörpuðiski. Fyrst í stað voru gerðar tilraunir með dælubúnað í landi og í framhaldi af því var útbúinn dælusleði og hann prófaður í apríl. Í framhaldinu voru farnir leiðangrar, skeljamið skoðuð og gerðar frekari tilraunir með dælingu. Niðurstöður verkefnisins eru jákvæðar og gefa tilefni til að halda verkefninu áfram í því skyni að bæta veiðitækni og draga úr skaðlegum áhrifum veiða á umhverfið.

Áfram var unnið að nýrri frumgerð ljósvörpu sem áætlað var að prófa á árinu 2013, en verkþættir í umsjá Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands hafa dregist all nokkuð. Hefur Hafrannsóknastofnun því þurft að bíða átektu með sína verkluta er snúa að undirbúningi og framkvæmd veiðitilrauna. Gert er ráð fyrir að hægt verði að framkvæma fyrstu sjóprófanir á árinu 2014. Um samarið hófst vinna við lítið verkefni styrkt af AVS sem ber heitið „Hönnun og prófun á sjókvíagildru“. Verkefnið er að mestu enn á undirbúningsstigi en stefnt er því að gera tilraunir á árinu 2014. Verkefnið er í samvinnu við fyrirtækið Þorskeldi ehf á Djúpavogi.


Auk ýmissa funda innanlands sóttu veiðarfærasérfræðingar stofnunarinnar nokkra fundi erlendis á árinu, m.a. árlegan fund veiðarfærasérfræðinga hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu (ICES/FAO WGFTFB) þar sem eitt megin viðfangsefni fundarins var áhrif veiða á umhverfið, eðli ljóss í hafi og hvernig best sé að mæla ljós miðað við skynjun fiska á ljósi og í tengslum við veiðarfæri. Þá sóttu þeir einnig vinnufund í Danmörku þar sem m.a. var farið yfir stöðlun flotvörpu til stofnmats á makríl, vörpulíkön skoðuð í tilraunatanki og vinnubrögð samhæfð.

Aðrar rannsóknir á fiskum, hryggleysingjum og sjófuglum

Nokkrir fáséðir fiskar bárust til Hafrannsóknastofnunar árið 2013, auk upplýsinga um aðra. Líkt og undanfarin ár var nokkuð um sæsteinssugu (*Petromyzon marinus*) við landið, m.a. hafði ein sögið sig fasta á fiskibát í Eyjafirði og sex veiddust í leiðöngrum Hafrannsóknastofnunar. Af úthafskarfaslóð suðvestur af Reykjanesi bárust fiskar af veiðiskipi, þar var m.a. álsnípa (*Nemichthys scolopaceus*), slóansgelgja (*Chauliodus sloani*), marsnákur (*Stomias boa ferox*), græðisangi (*Holtbyrnia anomala*), surtur (*Cryptopsaras couesi*) og bersnati (*Xenodermichthys copei*). Norræni silfurfiskur (*Argyropelecus olfersi*) veiddist í flotvörpu við kolmunnaveiðar í Skeiðarárdjúpi. Búrfisksbróðir (*Hoplostethus mediterraneus*) veiddist í botnvörpu suðvestur af landinu. Hafáll (*Conger conger*) veiddist á línu á 110 m dýpi vestur af Garðskaga. Sædjöfull (*Ceratias holboelli*) veiddist á 840 m dýpi á grálúðuslóðinni vestur af Víkurál. Flundra (*Platichthys flesus*) veiddist í rauðmaganet við Steinsnes í Mjóafirði. Ekki hefur fréttst áður af flundru svo norðarlega við Austfirði. Sandhverfa (*Psetta maxima*) veiddist í grásleppunet í Bakkafirði. Það er ekki algengt að sandhverfa veiðist í kalda sjónum við Norðausturland.

Í leiðöngrum Hafrannsóknastofnunar veiddust fjölmargar fáséðar tegundir. Slímáll (*Myxine jespersenae*) veiddist á djúpslóð vestur af landinu. Þrír silfurpollar (*Polymetme corythaeola*) veiddust í Stofnmælingu botnfiska (SMB) á Sneiðinni

sudur af Vestmannaeyjum. Þetta er í annað skipti sem tegundin veidist við Ísland, en árið 2007 veiddist einn slíkur á svipuðum slóðum. Fáséðir brjóskfiskar sem veiddust innan íslenskrar lögsögu voru stuttnefur (*Hydrolagus affinis*), digurnefur (*Hydrolagus mirabilis*) og langnefur (*Harriotta raleighana*). Af öðrum tegundum má nefna gapaldur (*Eurypharynx pelecánoides*), ránarstirni (*Gonostoma bathyphilum*), broddatanna (*Borostomias antarcticus*), skegg-meita (*Rhadinesthes decimus*), svartdjöful (*Melanocetus johnsonii*) og svarthyrmu (*Oneirodes eschrichtii*). Í úthafskarfaleiðangri veiddust m.a. randarangi (*Barbantus curvifrons*), surtla (*Linophryne lucifer*), násurtla (*Haplophryne mollis*), tuðra (*Himantolophus albinares*), rauðskoltur (*Rondeletia loricata*), sláni (*Anotopterus pharao*), drumbur (*Thalassobathia pelagica*) og svelgur (*Chiasmodon harteli*).



Skipulegum rannsóknum á skötusel, sem hófust árið 2000, var haldið áfram á árinu. Verkefnið byggir á að kanna almenna líffræði skötusels hér við land og að fylgjast með aldurs- og aflasamsetningu eftir veiðislóðum. Enn fremur er fylgst með viðbrögðum stofnsins við aukinni sókn. Þá hefur skötuselur verið merktur árlega til að kanna far hans. Endurheimtur hafa ekki verið miklar sem líkast til stafar af því að meira en helmingur aflans er tekinn í net og hætt er við að merkin tapist úr fiskinum þegar verið er að rífa hann lausan úr netunum. Þessum merkingum var því hætt eftir árið 2012, en þær endurheimtur sem fengist hafa sýna að fullorðinn fiskur er frekar staðbundinn. Árlega hefur verið fylgst með þunnri dreif beitusmokks í stofnmælingaleiðöngurum, aðallega yfir landgrunnsköntunum suðvestanlands og hefur magn þeirra farið vaxandi á síðustu árum. Jafnframt hefur orðið vart við vaxandi afla beitusmokks hjá kolmunnaskipum þó mest utan lögsögu Íslands.

Athuganir á umfangi brottkasts eftir veiðarfærum héldu áfram árið 2013. Umfang verkefnisins hefur farið minnkandi á síðustu árum og nú er ekki safnað gögnum úr öllum veiðarfærum árlega. Mælingar eru gerðar á sjó og í landi af veiðiefirlitsmönnum Fiskistofu, einkum á þorski og ýsu. Verkefninu hefur verið gerð skil í sérstökum skýrslum (Hafrannsóknir). Haldið var áfram rannsóknum sem beinast að því að kanna meðafla í veiðum flotvörpuskipa en það hófst á vormánuðum 2003. Gagnasöfnun á djúpfiskum var með hefðbundnum hætti úr afla fiskiskipa svo sem gulllaxi, blálöngu, löngu og keilu. Afla- og sóknargögnum var enn fremur gerð skil í skýrslu til djúpfiskavinnunefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Umfangsmiklar rannsóknir fóru fram á hrognkelsum á árinu 2013 og þær voru framkvæmdar af starfsmanni stofnunarinnar á Skagaströnd í samvinnu við BioPol ehf. Rannsóknirnar sem snéru að merkingum og mælingum úr afla voru framkvæmdar í samstarfi við grásleppusjómenn á vertíðinni. Jafnframt var unnið með upplýsingar sem aflað var í vor- og hauströllum stofnunarinnar ásamt gögnum úr vorleiðangri í maí og alþjóðlegum makrilleiðöngurum. Á árinu voru þrjár vísindagreinar skrifaðar sem allar snéru að líffræði hrognkelsa, ein er varðar vöxt tegundarinnar, önnur er snéri að erfðafræði og sú þriðja fjallaði um sýkingu í nýrum. Alls voru um 100 fiskar merktir með DST rafeindamerkjum bæði á hefðbundinni veiðislóð og úti fyrir norðurlandi í vorralli stofnunarinnar. Alls endurheimtust um 30 af þessum fiskum aftur og var unnið að úrvinnslu þeirra

gagna sem öfluðust á haust og vetrarmánuðum ásamt því að unnið var með eldri merkingargögn. Mælingar úr afla grásleppusjómannanna voru framkvæmdar á öllum helstu löndunarhöfnum.

Í kjölfar verndunaraðgerða á lúðu sem settar voru árið 2012 hefur verið unnið að rannsóknum til að hægt verði að meta árangur þess að sleppa allri lífvænlegri lúðu sem veiðist. Meginverkefni ársins var að hefja merkingar á lúðu til að kanna lífslíkur lúðu sem sleppt er, auk þess að kynna sjómönnum slæmt ástand stofnsins og mikilvægi verndunaraðgerða. Á árinu voru merktar rúmlega 130 lúður og sjómönnum kennt að merkja auk þess sem unnið var að skýrslu um áhrif aðgerðanna. Athuganir fóru einnig fram á öðrum fiskistofnum en nefndir hafa verið hér að framan og einnig var haldið áfram með vöktun á svipudýrasýkingum í skarkola. Á árinu lauk vinnu við verkefni sem sneri að fiskeldi og vandamálum í því sem tengjast skörfum. Einnig var áfram unnið úr talningum á fjölda bjargfugla og lauk að mestu vinnu við ritu. Þá var aflað gagna um fæðu lunda við Vestmannaeyjar og þau skoðuð með tilliti til ástands á stofni sandsílis við eyjarnar. Gagnagreining hófst í verkefni sem hefur það að markmiði að kanna fæðu nokkurra tegunda sjófugla á grunnslóð að vetrarlagi á nokkrum stöðum við landið. Einnig var unnið með niðurstöður um fæðu sjófugla og útbreiðslu þeirra utan varptíma.

Sjávarspendýr

Hvalarannsóknir árið 2013 beindust sem fyrr einkum að mati á ástandi hvalastofna, bæði með tilliti til ráðgjafar um nýtingu og verndun og hlutverks hvala í lífríki hafins við Ísland. Frá endurupptöku hvalveiða árið 2006 hafa starfsmenn stofnunarinnar mælt og tekið sýni úr öllum lönduðum langreyðum, en árin 2006–2010 voru alls veidd 280 dýr. Engar langreyðar voru veiddar árin 2011 og 2012, en árið 2013 veiddust 134 langreyðar. Sýnataka úr hrefnuveiðum er í höndum veiðimanna. Árið 2013 voru veiddar 35 hrefnur við Ísland. Í tengslum við hvalveiðarnar hefur Hafrannsóknastofnun séð um uppbyggingu DNA gagnagrunns, sem auk effirlits með veiðum, þjónar mikilvægum rannsóknatilgangi.

Meginmarkmið viðamikilla rannsókna á hrefnu sem staðið hafa frá árinu 2003, er að afla upplýsinga um fæðuvistfræði tegundarinnar, en auk þess lúta rannsóknirnar að stofngerð, heilsufari, lífsögu-þáttum, lífeðlisfræði og uppsöfnun mengunarefna í vefjum. Niðurstöður verkefnisins voru til umfjöllunar á sérstökum fundi Vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) í febrúar 2013. Þar voru niðurstöðurnar lagðar fram í 30 ritgerðum og kynntar fyrir sérfræðinganefnd ráðsins.

Hvalatalningar eru mikilvægustu rannsóknirnar til að meta ástand hvalastofna við landið, og hafa hvalir verið taldir með reglulegu millibili allt frá árinu 1987. Síðasta fjölþjóðlega hvalatalningin á Norður-Atlantshafi, með þátttöku 5 þjóða auk Íslands, fór fram árið 2007. Á vettvangi Norður Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO) var unnið að skipulagningu næstu talninga sem fara fram sumarið 2015. Á árinu var fram haldið vinnu við skipulagningu á ljósmyndasafni stofnunarinnar yfir einstaklingsgreinanlega hvali. Rannsóknir á



fari hrefnu, steypireyðar og hnúfubaks með aðstoð gervitunglasenda héldu áfram á árinu. Áfram var unnið að rannsóknum á erfðafræði hvala, m.a. með nýrri aðferð sem byggist á greiningu náskyldra einstaklinga og fæðnisrófunum.

Þá var fram haldið samstarfsverkefnum við erlenda vísindamenn m.a. um rannsóknir á langreyði, hrefnu, steypireyði, hnúfubak, háhyrningi, hnísu, andarnefju og hnýðingi.

Á undanförunum áratugum hefur stofnunin skrásett og rannsakað eftir föngum hvali sem rekur dauða eða lifandi á strendur landsins. Alls voru skráðir 19 hvalrekar 7 hvalategunda árið 2013. Marsvínavaða (grindhvalavaða) gekk inn í höfnina Rif á Snæfellsnesi í miklu hvassviðri síðdegis 7. september 2013. Sjónarvottar mátu stærð vöðunnar á bilinu 100–300 dýr og gekk hluti hennar á land við Rif og víðar á norðanverðu Snæfellsnesi. Vitað er um 58 marsvín sem drápast í þessum hvalreka. Á árinu var fram haldið undirbúningi mats á fjölda sjávarspendýra sem drepast í veiðarfærum fiskiskipa hér við land. Rannsóknum á atferli og fæðunámi háhyrninga var fram haldið á árinu og fór gagnasöfnun fram í Breiðafirði og við Vestmannaeyjar.

Sérfræðingar stofnunarinnar tóku þátt í margvíslegum störfum vísindanefnda IWC (hvalir) og NAMMCO (hvalir og selir) auk þess sem niðurstöður voru kynntar innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og á alþjóðlegum ráðstefnum hvalasérfræðinga (ECS og SMM). Þá var fram haldið samstarfsverkefnum við erlenda vísindamenn m.a. um rannsóknir á langreyði, hrefnu, steypireyði, hnúfubak, háhyrningi, hnísu, andarnefju og hnýðingi.

Stofnerfðafræði

Á undanförunum árum hefur verið unnið við rannsóknir á erfðafni karfa við Ísland og á nálægum hafsvæðum og lauk því verkefni á árinu með yfirlitsgrein um stofngerð karfa í Norður-Atlantshafi. Eitt nýtt verkefni á sviði erfðafræði karfa hófst á árinu 2011 og var áfram unnið að því á árinu 2013, en það var um athugun á tegundaaðgreiningu eftir dýpi. Hluti af því verkefni var notað sem meistaraprófsverkefni í samvinnu við háskólann í Dublin á Írlandi, en nýverið var því breytt í doktorsverkefni.

Verkefni um erfðabreytileika, vöxt, kynþroska og far steinbíts lauk á árinu 2013. Verkefnið var styrkt af verkefnasjóði sjávarútvegsins. Einnig lauk úrvinnslu gagna

*Verkefni um
samanburðarrannsóknir
á göngumynstri og
arfgerðareinkennum
þorskstofna við Ísland,
hófst á árinu 2011.*

um erfðafræðilegan mun steinbíts á mismunandi svæðum við Ísland.

Verkefni um samanburðarrannsóknir á göngumynstri og arfgerðareinkennum þorskstofna við Ísland, hófst á árinu 2011. Þar er leitast við að finna nálgun sem stuðlar að vistvænni, sjálfbærari og hagkvæmari fiskveiðistjórnun. Hliðstætt verkefni um samanburðarrannsóknir á göngumynstri og arfgerðareinkennum hrognkelsa hefur verið unnið síðustu ár. Bæði verkefni eru unnin í samstarfi við MATÍS með styrk úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins og lauk á árinu 2013. Í samstarfi við MATÍS og fl. var unnið að raðgreiningu á genamengi laxa og þorska. Þetta verkefni mun nýta nýja og afkastamikla tækni til raðgreiningar. Markmið verkefnisins er að búa til erfðafræðilegan gagnagrunn fyrir þorsk og lax sem byggist á raðgreiningu 1000 einstaklinga hvernar tegundar. Þetta verkefni mun nýtast í fiskeldi og til að greina fiskistofna.

Veidiefirlit

Hafrannsóknastofnun hefur frá upphafi verið í góðri samvinnu við Fiskistofu um veiðiefirlit á Íslandsmiðum og hefur stofnunin séð um framkvæmd skyndilokana samkvæmt lögum. Jafnframt gerir Hafrannsóknastofnun tillögur um viðmiðunarmörk fyrir lokanir til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, sem miðast við hlutfallslegan fjölda undir tiltekinni stærð eftir tegundum. Veiðiefirlitshópur, sem í eru sex fiskifræðingar stofnunarinnar sér um framkvæmdina. Hópurinn vinnur í samráði við veiðiefirlitsmenn Fiskistofu, sem tilkynna um mælingar sem reynast með hlutfalli smáfisks yfir viðmiðunarmörkum og leggja til stærð lokunarsvæðis. Skyndilokanir voru alls 164 á árinu 2013, samanborið við 188 á árinu 2012 og 71 árið 2011. Flestar lokanir á árinu 2013 voru vegna þorskveiða með línu og handfæri en á undanförunum tveimur árum hefur verið mikil aukning í lokunum vegna handfæraveiða, sérstaklega á strandveiðum yfir sumarmánuðina.

Aldursgreiningar á fiskum

Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar í Reykjavík og útibúum í Ólafsvík, á Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum tóku rannsóknasýni, þyngdarlengdarmælingar og aldurssýni úr nytjafiskum í mismunandi leiðöngrum stofnunarinnar. Einnig voru sýni tekin úr afla mismunandi veiðarfæra, frá öllum árstímum, úr lönduðum afla báta og togara, í fiskverkunarhúsum og fiskmörkuðum. Veiðiefirlitsmenn frá Fiskistofu öfluðu einnig gagna úr lönduðum afla og um borð í fiskiskipum. Árið 2013 voru um 1,3 milljónir fiska lengdarmældir og tæplega 140 þúsund kvarnaðir/hreistraðir (tafla 1). Gert er ráð fyrir að yfir 100 þúsund fiskar verði aldursgreindir úr sýnum sem safnað var síðastliðið ár og að þeirri vinnu verði lokið fyrir stofnmatíð í apríl 2014. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir lengdarmælingar og söfnun á aldurssýnum (kvarnir, hreistur og ljósfæri) á helstu nytjafiskum árið 2013. Þar kemur meðal annars fram að 440 þúsund þorskar voru lengdarmældir og 25 þúsund kvarnaðir. Um það bil 200 þúsund ýsur voru lengdarmældar og 12 þúsund kvarnaðar. Alls voru lengdarmældir 113 þúsund gull-, djúp- og úthafskarfar og yfir 14 þúsund kvarnaðir. Rétt tæplega 145 þúsund flatfiskar voru lengdarmældir og 25 þúsund kvarnaðir af 8 tegundum. Þá voru 12 þúsund kolmunnar lengdarmældir og um 5 þúsund kvarnaðir og yfir 30 þúsund loðnur lengdarmældar og 15

þúsund kvarnaðar. Safnað var hreistri frá 10 þúsund síldum. Lengdarmældir voru rúmlega 30 þúsund makrílar og tæplega 8 þúsund voru kvarnaðir. Lengdarmældar voru 10 þúsund lýsur og alls mældir 35 þúsund humrar og um 90 þúsund rækjur í rannsóknleiðöngrum Hafrannsóknastofnunar.

Tafla 1. Taflan sýnir fjölda fiska sem var lengdarmældur, kvarnaður eða hreisturtekinn og aldursgreindur á árinu 2013, flokkað eftir tegundum.

Mælingar, kvarna/hreistur söfnun og aldurslestur 2013			
Tegund	Lengdarmælt	Kvarnað/hreistrað	Aldurslesið
Þorskur	400.361	24.913	23.188
Ýsa	200.721	11.800	11.720
Ufsi	51.065	7.615	7.400
Gullkarfi	87.949	8.496	1.579
Úthafskarfi	7.890	1.387	0
Djúpkarfi	17.110	4.390	0
Steinbítur	19.091	3.276	3.100
Hlýri	3.755	1.271	0
Lúða	241	81	25
Grálúða	19.632	2.631	0
Skarkoli	30.836	7.675	5.429
Þykkvalúra	14.102	2.841	1.160
Langlúra	20.462	5.434	3.539
Stórkjaffa	4.085	1.103	687
Sandkoli	10.139	1.327	450
Skráplúra	45.075	3.807	550
Síld	23.768	4.428	3.385
Síld (ísl/norsk)	14.245	5.419	5.002
Loðna	30.110	14.697	14.532
Kolmunni	11.833	4.842	2.774
Makrill	30.846	7.625	5.112
Gulllax	17.807	1.604	1.203
Blálanga	3.674	1.009	0
Langa	19.587	4.781	2.000
Keila	8.196	1.998	1.027
Skötuselur	1.112	589	0
Spærlingur	10.085		
Aðrar teg.	204.187		
Alls	1.307.964	135.039	93.862



VEIÐIRÁÐGJAFARSVIÐ

Almenn starfsemi

Hlutverk sviðsins er að annast reglulega úttekt á ástandi fiskistofna, að móta tillögur stofnunarinnar að ráðgjöf um aflamark, veita stjórnvöldum almenna ráðgjöf um skynsamlega nýtingu sjávarfangs og annast útgáfu árlegrar skýrslu um ástand nytjastofna og aflahorfur á Íslandsmiðum. Starfsemin á árinu 2013 fólst sem fyrr í því að fara yfir gögn og úttektir einstakra sérfræðinga á þeim nytjastofnum sem stofnunin veitir ráðgjöf um. Þetta starf er unnið af sérstakri verkefnisstjórn, en auk hennar koma fjölmargir starfsmenn stofnunarinnar að rannsóknum og úrvinnslu, sem tengjast veiðiráðgjöfinni. Verkefnisstjórnin hélt alls 22 fundi á árinu. Störf á veiðiráðgjafarsviði voru með hefðbundnu sniði, þar sem áhersla var lögð á að nýtt væru öll tiltæk gögn við ráðgjöfina s.s. gögn sem safnað er úr afla, niðurstöður úr leiðöngrum og afladagbækur fiskiskipaflotans. Starfsmenn fluttu fjölmarga fyrirlestra á árinu þar sem þeir kynntu ástand stofna, ráðgjöf um skynsamlega nýtingu og forsendur hennar. Jafnframt var svarað fjölda skriflegra og munnlegra fyrirspurna frá stjórnvöldum og hagsmunaaðilum. Einnig sóttu sérfræðingar veiðiráðgjafarsviðs fjölda vinnufunda og ráðstefna á erlendum vettvangi á árinu.

Stofnmat

Skýrsla Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum í upphafi árs 2013 og aflahorfur fiskveiðiárið 2013/2014 (Fjölrit nr. 169) kom út í júníbyrjun. Í skýrslunni er að finna hefðbundið yfirlit yfir ástand einstakra nytjastofna og líklega þróun stofnstærðar miðað við gefna nýtingu. Á grundvelli langtímamarkmiðs um sjálfbæra nýtingu og varúðarsjónarmiða er lagður til hámarksafli fyrir á fjórða tug stofna. Jafnframt er í skýrslunni stuttur kafli um umhverfisþætti sjávar eins og hita, seltu og átu í hafinu við landið. Auk almennrar kynningar var skýrslan kynnt á sérstökum fundum með stjórnvöldum og aðilum í sjávarútvegi m.a. á opnum fundum í Grundarfirði og í Vestmannaeyjum.

Störf á veiðiráðgjafarsviði voru með hefðbundnu sniði, þar sem áhersla var lögð á að nýtt væru öll tiltæk gögn við ráðgjöfina s.s. gögn sem safnað er úr afla, niðurstöður úr leiðöngrum og afladagbækur fiskiskipaflotans.

Varúðarnálgun og nýtingarstefna

Á árinu 2013 var unnið að aflareglum fyrir ýsu, ufsa og gullkarfa í samræmi við nýtingarstefnu stjórnvalda. Vinnu vegna ýsu og ufsa lauk í mars 2103 með mati Alþjóðahafrannsóknaráðsins á framkomnum tillögum. Niðurstaðan var að aflareglurnar sem til umfjöllunar voru væru í samræmi við varúðarsjónarmið og myndu leiða til hámarksafkasturs úr þessum stofnum til lengri tíma lítið. Aflareglurnar voru formlega teknar upp af stjórnvöldum í apríl 2013 og notaðar við ákvörðun aflamarks fyrir fiskveiðiárið 2013/2014.

Aflaregla fyrir ufsa: Aflamark verði meðaltal af 20% af viðmiðunarstofni (B4+) á úttektaárinu og aflamarki síðastliðins fiskveiðiárs þegar hrygningarstofn væri metin hafa verið stærrí en 65 þúsund tonn (Btrigger) í upphafi úttektaárs. Þegar hrygningarstofn er fyrir neðan 65 þúsund fari veiðihlutafallið lækkanði sem margfeldi af hlutfalli stærðar hrygningarstofns (SSB) og Btrigger (SSB/65) og stígmínnkandi mið tekið af aflamarki síðastliðins fiskveiðiárs.

Á árinu 2013 var unnið að aflareglum fyrir ýsu, ufsa og gullkarfa í samræmi við nýtingarstefnu stjórnvalda.

Aflaregla fyrir ýsu: Aflamark verði miðað við 40% af áætluðu magni 45cm og stærrí ýsu í upphafi næsta almanaksárs. Ef áætluð stærð hrygningarstofns fer niður fyrir 45 þúsund tonn (skilgreind varúðarmörk) verði veiðihlutafallið lækkað þannig að það verði að hámarki margfeldið af 40% og hlutfalli stærðar hrygningarstofns (SSB) og varúðarmarka (SSB/45).


Tillaga að aflareglu og nýtingarstefnu fyrir gullkarfa var til umfjöllunar á vegum ICES á haustmánuðum 2013 og á þeirri umfjöllun að ljúka á sérfræðingafundi á vegum ICES í ársbyrjun 2104. Fyrirliggjandi tillaga miðast við að taka upp aflareglu sem miðar að því að ákvörðun um aflamark byggí á að meðalveiðidauði 9-19 ára gullkarfa verði ekki hærri en 0,097 þegar hrygningarstofn er yfir gátmörkunum (Btrigger) 220 þúsund tonn. Þegar hrygningarstofn er undir gátmörkunum lækki veiðidánartalan með hlutfallinu Hrygningarstofn á úttektaári/gátmörk. Til grundvallar mats á framangreindri tillögu hafa sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar lagt fram ítarlegar tækniskýrslur. Gert er ráð fyrir að aflareglan gildi fyrir Ísland, Grænland og Færeyjar og því sendu stjórnvöld landanna saman inn beiðni um mat á þessari aflareglu til Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Í lok nóvember fór fram rýnisfundur (Benchmark) á vegum ICES um stofnmat á grálúðu. Á þessum fundi var farið ýtarlega yfir fyrirliggjandi gögn og stofnmatsaðferðir. Til umfjöllunar var m.a. GADGET líkan fyrir grálúðu sem sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa unnið að. Ekki tókst á þessum fundi að komast að endanlegri niðurstöðu um hvort beita eigi GADGET líkani eða afraksturslíkani, sem notað hefur verið undanfarin ár, við mat á afrakstursgetu stofnsins á næstu árum. Skoða þarf betur forsendur um vöxt grálúðu á Íslandsmiðum annars vegar og hins vegar rannsaka betur tímaröð afla á sóknareiningu, en talið er að umtalsverð breyting hafi orðið á veiðimynstri á tímabilinu sem tímaröðin nær yfir. Áformað er að þessari vinnu verði lokið fyrir fund NWWG vorið 2104. Á árinu var einnig unnið að gerð ráðgjafarreglu fyrir löngu og að undirbúningi fyrir rýnisfund sem fram fer á vegum ICES í Kaupamannahöfn í byrjun febrúar 2014. Að undanförmu hefur jafnframt verið

unnið að endurskoðun á aflareglu fyrir loðnu og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í byrjun árs 2015.

Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES)

Flestir þeir nytjastofnar sem Hafrannsóknastofnun gerir úttekt á eru einnig til umfjöllunar hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu. Það eru þrjár vinnunefndir ráðsins sem hér eiga hlut að máli: norðvestur-vinnunefndin (NWWG), vinnunefnd um stofna er hafa mikla útbreiðslu (WGWIDE) og djúpfiskanefndin (WGDEEP). Í þeirri fyrst nefndu er fjallað um þorsk, ýsu, ufsa, gullkarfa, djúpkarfa, úthafskarfa, grálúðu, loðnu og íslensku sumargotssíldina. Í WGWIDE er fjallað um norska vorgotssíld, kolmunna og makríl og í WGDEEP er fjallað um löngu, keilu, blálöngu og gulllax. Venjan er sú að frumgögn eru unnin upp og farið yfir fyrstu drög að stofnmati hér heima en síðan eru gögn sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar og bráðabirgðastofnmat lögð fram á árlegum fundum vinnunefndanna. Þar er farið yfir öll gögn og matsaðferðir og komist að sameiginlegri niðurstöðu um endanlegt stofnmat, sem síðan er birt í skýrslu viðkomandi vinnunefndar ásamt tillögu að ráðgjöf og ráðgjafartexta. Sú skýrsla er send til óháðra sérfræðinga (Review Group; RG) til umsagnar sem fara yfir skýrsluna með áherslu á tæknileg atriði. Tillaga að endanlegri ráðgjöf og ráðgjafartexta er síðan samin af þriðja hópi sérfræðinga, Advice Drafting Group (ADG) sem tilnefndur er af ráðgjafanefnd (Advisory Committee; ACOM). Ráðgjafarnefndin er skipuð 20 sérfræðingum og á hver aðildarþjóð þar einn fulltrúa. Endanlegur ráðgjafartexti er síðan til umfjöllunar í ACOM og er umfjöllun ráðgjafarnefndarinnar og niðurstaða hennar hin opinbera ráðgjöf.



Mynd 1. Ferli stofnumatsvinnu og ráðgjafar fyrir þorsk. SMH: stofnmæling botnfiska að hausti, SMB: stofnmæling botnfiska, SMN: stofnmæling með netum, NWWG, ICES: norðvesturfiskveiðinefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES), RG, ICES: review group; óháður hópur sérfræðinga hjá ICES sem rýnir skýrslu NWWG með áherslu á tæknileg atriði, ADG: Advice drafting group; semur tillögu að ráðgjöf, ACOM: Vísindaráðgjafanefnd ICES veitir endanlega ráðgjöf um nýtingu stofnsins.

ÚTIBÚ OG TILRAUNAELDISSTÖÐ

Útibú Ólafsvík

Starfsemi útibúsins hefur verið með svipuðum hætti og undanfarin ár. Gagnasöfnun úr fiskafla lönduðum á Snæfellsnesi var líkt og undanfarin ár stór þáttur í starfsemi útibúsins. Tekið var á móti sjaldséðum fiskum og furðuskepnum sem annað hvort voru greindir til tegunda og mældir á staðnum eða sendir sérfræðingum í Reykjavík til nánari skoðunar. Normakrabbi og vogmær eru dæmi um þær tegundir sem komið hefur verið með. Einnig var komið með nokkuð af tegundum í útibúið sem teljast algengar en finnast sjaldan hér í Breiðafirði, má þar helst nefna blákjöftu sem menn koma með til okkar nokkuð reglulega og ýmsar mjórategundir.

Þó nokkuð hefur verið um hvalreka á nesinu á árinu. Má þar helst nefna grindhvalavöðu sem gekk hér á land og drápust um 60 dýr úr henni. Starfsmenn útibúsins sinntu mælingum og sýnatöku úr þeim dýrum sem náðist til.



Fædurannsóknir þorsks, ýsu og ufsa eru orðnar stór þáttur í vinnu útibúsins. Þetta verkefni hefur verið í gangi síðan 2001 og taka fjögur útibú þátt í því. Sjómenn um borð í bátunum taka sýni og fæðugreining fer fram í landi af starfsmönnum útibúanna. Í ár komu í útibúið um 2500 fæðusýni og er greiningu á fæðuinnihaldi þeirra lokið. Stefnt er að því að halda þessu verkefni áfram sem nokkurs konar vöktun á fæðu fisks á Íslandsmiðum. Aldursákvæðanir steinbíts eru gerðar í útibúinu. Á ársgrundvelli eru um 3500 fiskar aldursgreindir. Steinbítur getur verið orðin nokkuð gamall þegar hann kemur inn í veiði og eru tveggja stafa aldurstölur mjög algengar. Kvarnir síðasta árs hafa verið lesnar. Starfsmenn útibúsins komu einnig að margvíslegri vinnu við rannsóknir í Kolgrafafirði.

Útibú Ísafirði

Á árinu voru sjö starfsmenn við störf á útibúinu og gekk starfsemin vel og viðfangsefni fjölmörg. Um mitt ár lét veiðarfærasérfræðingur af störfum. Gagnasöfnun úr lönduðum afla, sem var að vanda viðamikill hluti starfseminnar, gekk að mestu eftir uppsettum áætlunum. Þátttaka í leiðöngrum var með líku sniði og undanfarin ár. Í nóvember 2012 hófst verkefnið „Þorskeldi í beitarkvíum“. Það er framhald af umfangsmiklu verkefni sem sneri að könnun á möguleikum þess að nota ljós til að „fóðra“ þorsk í eldiskvíum. Tilraunum með þorskeldi í beitarkvíum sem hófust í október/nóvember 2012 lauk í marsmánuði 2013. Mikil veðurhæð í nóvember og desember tafði framkvæmd tilraunanna. Unnið er að úrvinnslu gagna og mun verkefninu formlega ljúka árið 2014.

Ný tækni til umhverfissvænni skelveiða er nýtt verkefni sem hlotið hefur styrk frá AVS rannsóknasjóði og Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Markmið verkefnisins er að afla þekkingar á skelfiskveiðum og hefja vinnu við hönnun á nýjum veiðiaðferðum við veiðar á hörpudiski. Starfsmaður var ráðinn við útibúið á Ísafirði á liðnu ári til að sinna þessu verkefni. Áfram var unnið að nýrri frumgerð ljósvörpu sem áætlað var að prófa á árinu 2013 en verkþættir í umsjá Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands hafa dregist all nokkuð. Hefur

Hafrannsóknastofnunin því þurft að bíða átektu með sína verkhluta er snúa að undirbúningi og framkvæmd veiðitilrauna. Gert er ráð fyrir að hægt verði að framkvæma fyrstu sjóprófanir á árinu 2014.

Starfsmenn útibúsins komu talsvert að myndatökum og vöktun í Kolgrafafirði vegna göngu síldar inn á fjörðinn. Frá áramótum og fram í apríl var farið í fjórar ferðir í Kolgrafafjörð með myndavélabúnað sem settur var á nýsmíðaðan sleða sem er handhægur í notkun á smábátum. Í september var smíðaður og settur upp myndatöku- og mælibúnaður á þrífæti sem komið var fyrir þann 22. nóvember á botni fjarðarins á 23 m dýpi með 400 m kapli til lands. Þetta verkefni var unnið í samvinnu við Vegagerðina sem einnig lagði til vinnu og tækjabúnað.

Fæða þorsks, ýsu og ufsa í afla fiskiskipa er verkefni sem unnið er að á útibúinu eins og gert er á öðrum útibúum. Frá einu skipi, Páli Pálssyni ÍS, hafa borist u.þ.b. eittþúsund sýni árlega frá upphafi verkefnisins. Útibúið hefur um nokkurt skeið greint sýni frá öðrum útibúum og helst söfnun á sjó og greining sýna í landi nú vel í hendur. Stofnmæling rækju á grunnslóð fór fram í október í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi og taka starfsmenn útibúsins þátt í þeim rannsóknum.

Útibú Akureyri

Að venju var gagnasöfnun úr lönduðum afla stór þáttur í starfsemi útibúsins á árinu. Sýnataka á árinu gekk vel og náðist að fylgja sýnatökuáætlun að mestu. Eins og venjulega barst útibúinu nokkur fjöldi merktra fiska á árinu. Bar mest á merktum skarkolum sem nánar verður fjallað um hér á eftir en einnig bárust merktir þorskar, ufsar og ein langlúra. Einnig komu sjómenn og aðrir áhugasamir með sjaldgæfa fiska eða aðrar furðuskepnur sem greindir voru til tegundar á útibúinu. Þátttaka útibúsins í verkefninu um fæðurannsóknir felst í að senda sýni, sem safnað er af Geir ÞH, vestur á Ísafjörð til greiningar. Sem fyrr tóku starfsmenn útibúsins þátt í ýmsum leiðongrum á vegum stofnunarinnar. Má þar telja: togararall, netarall, innfjarðarækjurall, haustrall og skarkolamerkingar. Starfsmenn útibúsins sinntu sem fyrr kennslu en sérfræðingar þess eru með 50% kennsluskyldu við Háskólann á Akureyri og koma einnig að kennslu við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Árið 2009 var farið af stað með verkefni þar sem merktir voru skarkolar á Eyjafirði og Skjálfanda. Miklar endurheimtur hafa fengist úr þessum merkingum og þá sérstaklega af skarkola sem merktur var í Skjálfandaflóa. Á árinu voru merkingarstaðir heimsóttir í fjórða sinn og endurheimtist þó nokkuð af skarkolum aftur í þessum leiðangri sem bendir til þess að þessi skarkoli sæki á sömu svæði ár eftir ár. Á árinu voru farnir nokkrir leiðangrar til rannsókna og merkinga á hvöllum í Eyjafirði, Skjálfanda og Faxaflóa. Rannsóknabáturinn Einar í Nesi var einungis notaður í 13 daga á árinu í 6 leiðongrum sem er minnsta notkun bátsins í langan tíma.

Unnið var í Evrópuverkefninu NACLIM með straummælingar frá Hornbanka og útreikninga á flæði Atlantssjávar inn á landgrunnið fyrir norðan land. Var meðal annars unnið að þessum verkefnum í námsdvöl við Woods Hole hafrannsóknastofnunina í Massachusetts í Bandaríkjunum haustið 2013. Starfsmaður útibúsins tók þátt í vinnu vegna rannsókna á straumum í Grænlandssundi. Einnig var unnið að mælingum og úrvinnslu gagna frá Kolgrafafirði.

Að venju var gagnasöfnun úr lönduðum afla stór þáttur í starfsemi útibúsins á árinu.

Útibú Höfn í Hornafirði

Gagnasöfnun úr lönduðum afla var stærsti þáttur í starfsemi útibúsins. Kvarnað, mælt og kyngreint var samkvæmt áætlun um gagnasöfnun. Tekin voru sýni af helstu nytjastofnum úr þeim veiðarfærum sem veitt er í innan þess svæðis sem starfsstöðin tekur til sem er Suðausturland og Austfirðir. Við þessa vinnu hefur útibúið notið velvilja allra fiskvinnslustöðva og fiskmarkaða sem starfræktir eru á svæðinu.

Útibú Vestmannaeyjum

Starfsemin var með svipuðu sniði og á síðustu árum. Gagnasöfnun úr lönduðum afla var sem fyrr veigamikill þáttur í starfseminni. Einnig voru sýni tekin fyrir mengunarmælingar í þangi, tekið var á móti merktum fiski o.fl. Starfsmenn tóku þátt í ýmsum rannsóknaleiðöngrum á vegum stofnunarinnar.

Verkefnistjórn stofnmælingar með netum er í höndum útibússtjóra og tóku 6 bátar þátt í netaralli stofnunarinnar. Það fór fram á tímabilinu 3. apríl til 18. apríl. Markmið verkefnisins er að safna upplýsingum um alders- og lengdar-/þyngdarsamsetningu, kynþroska og vöxt hrygnandi þorsks, á helstu hrygninarsvæðum hans. Einnig að meta árlega magn kynþroska þorsks er fæst í þorskanet á hrygningarstöðvum og breytingar í gengd hrygningarþorsks á mismunandi svæðum.

Stofnmæling (vöktun) á marsíli við Ísland er verkefni sem rekið er frá útibúinu og hófst vöktun á síli árið 2006. Markmið þess er að meta breytingar í stofnstærð sílis og afla upplýsinga um árgangastyrk og nýliðun í tegund sem er mikilvæg fæða nytjafiska, hvala og sjófugla. Farið var í ellefu daga leiðangur í júlí á Dröfn RE 35 og síli kannað á svæðinu frá Breiðafirði að Ingólfshöfða. Haldið var áfram samstarfi við sjómenn um rannsóknir á fæðu fiska og fæðusýnum var safnað úr þorski, ýsu og ufsa. Verkefnið er samstarfsverkefni útibúa stofnunarinnar sem fyrr segir og er ætlunin með þessu verkefni að afla frekari upplýsinga um fæðu þorsks, ýsu og ufsa og reyna að fylla upp í eyður sem hafa verið í söfnun fæðusýna.

Tilraunaeldisstöðin að Stað við Grindavík

Við Tilraunaeldisstöðina á Stað við Grindavík starfa nú fimm fastráðnir starfsmenn við rannsóknir á eldi sjávardýra. Talsvert var um heimsóknir innlendra og erlendra aðila í eldisstöðina og í nóvember var stöðin heimsótt af tökuliði frá sjónvarpsstöðinni BBC í Englandi. Nemi frá Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna hóf undirbúning að rannsóknaverkefni sínu í eldisstöðinni í desember. Þungamiðjan í starfsemi stöðvarinnar á liðnu ári voru rannsóknir á þorski og bleikju.

Tilraunaeldisstöðin hefur framleitt þorsksseiði, í mismiklu magni, á hverju einasta ári síðan 1994. Stöðin hefur því á þessu tímabili útvegað þorsksseiði fyrir ýmis rannsóknaverkefni hjá innlendum háskólum og rannsóknastofnunum. Árið 2013 hófst með tveimur sendingum með samtals 50 lifandi þorskum til menningar- og sögusafnsins í Ílhavo í Portúgal. Eldisstöðin útvegaði síðar seiði í tvö verkefni hjá Tilraunastöð HÍ í meinafræði á Keldum og jafnframt stóran þorsk í tvö tilraunaverkefni hjá fyrirtækinu Marel. Eldisstöðin útvegaði bæði tilraunafisk og aðstöðu fyrir tilraunir Stjörnu-Odda á nýrri gerð innvortis DST-rafeindamerkja.

Niðurstöður þorskranssókna í eldisstöðinni voru kynntar á málstofu Hafrannsóknastofnunar í janúar, á ICES-ráðstefnu í september og á ráðstefnu á Keldum í október. Í Tilraunaeldisstöðinni var jafnframt unnið að fjölbreyttum rannsóknaverkefnum á sviði þorskeldis.



Kynbætur á íslenskum eldisþorski hófust árið 2003 með samstarfi Hafrannsóknastofnunar og Icecod ehf. Fyrstu þrjú árin sá Tilraunaeldisstöðin um það að mynda grunnstofn kynbóta með því að kreista hrogn úr villtum hrygningarfiski víðsvegar í kringum landið og ala upp fjölskylduhópa í eldisstöðinni. Eiginlegar kynbætur á grunnstofninum hófust á árinu 2006 en árið 2009 tók Icecod við framkvæmd verkefnisins í eldisstöð sinni í Höfnum á Reykjanesi. Á árinu 2012 tók hins vegar Hafrannsóknastofnun aftur alfarið við verkefninu. Langtímamarkmiðið er að framleiða 100 fjölskylduhópa á ári en núverandi aðstaða leyfir þó ekki nema 50 fjölskyldur á ári. Þetta verkefni er styrkt af AVS-sjóðnum og unnið í nánun samstarfi við Icecod.

Lokaskýrslu úr verkefni um hrognagæði eldisþorsks var skilað í október 2013. Verkefnið snerist um rannsóknir á hrognagæðum eldisþorsks með hliðsjón af fódursamsetningu, hitastigi og vaxtargetu klakfisksins. Verkefni var styrkt af AVS-sjóðnum og unnið í samstarfi við Icecod, Fóðurverksmiðjuna Laxá og MAST. Starfsmenn stöðvarinnar tóku þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni, Cod Atlantic, sem lauk á árinu með skilum á lokaskýrslu og kynningu á niðurstöðum. Rannsóknir á bleikju eru styrktar af AVS og eru unnar í samstarfi við Íslandsbleikju og Akvaplan Niva. Markmið rannsóknanna er að bera saman mismunandi aðferðir til að aðlaga bleikjuseiði að flutningi úr ferskvatni yfir í háa seltu (20–32%). Niðurstöðurnar sýna að aðferð sem nýlega hefur náð útbreiðslu í laxeldi og felst í því að gefa seiðum saltað fóður (smoltfóður) hefur takmörkuð áhrif á seltuþol og vöxt bleikju eftir flutning í háa seltu. Stefnt er að því að ljúka verkefninu í nóvember 2014.

Undanfarin tvö ár hefur ekki verið nein eftirspurn eftir sandhverfuseiðum úr eldisstöðinni. Því var ákveðið að skera klakstofninn verulega niður og alls var 500 kg af gömlum klakfiski slátrað á árinu. Í kjölfarið var eftirlifandi klakfiskur sameinaður í eitt ljósastýrt eldiskar. Alls fengust 6 villtir nýliðar í stofninn á árinu. Framhald verkefnisins er óljóst en vonir standa til þess að sandhverfan sé ekki búin að segja sitt síðasta í íslensku fiskeldi.



Mikil vinna fór á árinu í undirbúning og aðstoð við ársfund ICES sem haldin var hér á landi í septembermánuði

STOÐDEILDIR

Skrifstofa

Starfmenn á skrifstofu sinna hefðbundnum skrifstofuverkefnum eins og umsjón með skjalaskrá, símsvörum, móttöku gesta, fjármálum, rekstri og starfsmannahaldi. Umsjón með heimasíðu og almennri upplýsingagjöf innan og utan stofnunarinnar er einnig á hendi skrifstofunnar. Bókhald, greiðsla reikninga og launavinnsla fer hins vegar fram á Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Mikil vinna fór á árinu í undirbúning og aðstoð við ársfund ICES sem haldin var hér á landi í september mánuði.

Grandaskáli

Umsjón með og geymsla á veiðarfærum, útgerðarvörum og ýmsum rannsóknatækjum er í Grandaskála en Hafrannsóknastofnun leigir þar húsnæði af Faxaflóahöfnum. Mikil vinna var á árinu eins og endranær við að sjá til þess að veiðarfæri væru í lagi, bæði þau sem notuð eru á eigin rannsóknaskipum og þau sem notuð eru í togararalli og netaralli. Margs konar innkaup og þjónusta vegna rannsóknaskipanna og annarrar starfsemi er innt af hendi af starfsmönnum Grandaskála.

Bókasafn

Bóka- og tímaritaeign Sjávarútvegsbókasafnsins sem fjallar um sjóinn, lífríki sjávar, fisk, fiskveiðar, fiskeldi og sjávarútveg er ein sú stærsta á því sviði hér

Á árinu voru keyptar um 15 bækur og bókasafnið er áskrifandi að um 130 tímaritum, en alls koma á safnið um 200 titlar tímarita, skýrslna og annarra ritaðra gagna.

á landi og þjónar fyrst og fremst starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar en einnig öðrum sem þurfa heimildir og upplýsingar á þessu sviði. Aðlögun safnsins að nýju húsnæði stóð yfir á árinu en flutningi safnkosts í nýtt og glæsilegt upplýsingasetur stofnunarinnar lauk í byrjun árs. Þannig er safnið nú hluti af rými sem er mikið notað af Hafrannsóknastofnun, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, ásamt gestum og gangandi. Á árinu voru keyptar um 15 bækur og bókasafnið er áskrifandi að um 130 tímaritum, en alls koma á safnið um 200 titlar tímarita, skýrslna og annarra ritaðra gagna. Eins og áður voru millisafnalán allnokkur á árinu þótt dregið hafi úr þeim innanlands á undanförunum áratug vegna landsaðgangs að tímaritum (hvar.is) og aukinnar fjölbreytni í aðgengi að vísindagreinum á internetinu. Sérfræðingar leita auk þess í auknum mæli eftir efni sjálfir, oft þó með hjálp bókasafnsfræðings, sem leiðbeinir hvað varðar upplýsingaleit. Á árinu voru pantaðar um 30 greinar hjá Sjávarútvegsbókasafninu og þær sendar til bókasafna og einstaklinga innanlands og erlendis. Um 130 greinapantanir voru svo afgreiddar frá safninu til starfsmanna Hafrannsóknastofnunar. Bókasafnið heldur úti vefsíðu þar sem unnt er að tengjast völdum tímaritum sem mikilvæg eru við rannsóknir vísindamanna stofnananna, sum í gegnum landsaðgang en önnur eru aðeins keypt á bókasafnið og beinn vefaðgangur að þeim því takmarkaður við Hafrannsóknastofnun. Þá er á vef Hafrannsóknastofnunar ritaskrá með greinum eftir starfsfólk stofnunarinnar.

Tæknideild

Sem endranær önnuðust starfsmenn tæknideildar uppsetningu, viðhald og viðgerðir ýmissa rannsóknatækja auk hönnunar og smíði ýmis sérbúnaðar. Starfsmenn tóku eins og jafnan mikinn þátt í söfnun og úrvinnslu bergmálgagna, bæði vegna fiskirannsóknna og ljósáturannsóknna. Unnið var að frágangi og aðgengi bergmálgagna. Töluverð vinna var lögð í úrvinnslu allra okkar fjölgeislagagna og að gera helstu niðurstöður aðgengilegar, bæði varðandi dýpi og botnhörku. Starfsmenn voru ráðgefandi varðandi kaup á ýmsum rannsóknatækjum og hugbúnaði. Þá var rekstur, viðhald og kvörðun fiskileitartækja, fjölgeislamælis og mælitækja til sjórannsóknna stór hluti af verkefnum deildarinnar. Ýmislegt viðhald um borð í rannsóknaskipum okkar var einnig að hluta í höndum tæknideildar.



ÖNNUR STARFSEMI

Samstarfshópar um eflingu stofnrannsókna

Á undanförmum árum hafa verið starfandi nokkrir samstarfshópar hagsmunaaðila og stofnunarinnar um eflingu rannsókna á tilteknum nytjategundum. Markmiðið með þessu samstarfi er m.a. að nýta reynslu og þekkingu sjómanna og útvegsmanna til að bæta gæði veiðiráðgjafarinnar. Samstarfshóparnir eru skipaðir einstaklingum í sjávarútvegi með sérþekkingu á viðkomandi nytjastofni, auk starfsmanna stofnunarinnar. Fjórir slíkir hópar voru starfandi á árinu 2013 og fjölluðu þeir um karfastofna, steinbít, þorskransóknir (auk annarra botnfiska), en einnig var starfandi sérstakur hópur sem fjallaði um ransóknir á uppsjávarfiskum og þátttöku útvegsins í mælingum á síld og loðnu með það að markmiði að Hafrannsóknastofnun geti veitt ráð um nýtingu stofnanna fyrir en ella.

Gæðastjórnun

Gæðakerfi Hafrannsóknastofnunar er ætlað að hafa að leiðarljósi að varðveita starfsemi, þekkingu, verklag og menningu stofnunarinnar. Samkvæmt gæðastefnu stofnunarinnar er markmiðið að vera leiðandi í rannsóknum á hafinu, vistkerfi hafsins og lifandi auðlindum þess og að starfsemin uppfylli þær kröfur sem eru gerðar til hennar samkvæmt lögum. Með gæðastjórnun er stefnt að því að tryggja að allt verklag starfsmanna sé af bestu mögulegum gæðum og að unnið sé samkvæmt samræmdum, fyrirfram skilgreindum verkferlum.


Mörg gæðaskjöl bætast árlega við í gæðahandbók þar sem útgefin gæðaskjöl eru uppfærð og lagfærð reglulega. Áhersla hefur ávallt verið lögð á að skjalfesta allt vinnulag sem viðkemur sýnasöfnum á öllum sviðum Hafrannsóknastofnunar. Á árinu 2013 var hafin vinna við gerð gæðaskjala fyrir bergmálmælingar og einnig hafin vinna við gerð verkferla við þá stofnmatsvinnu er varðar mat sérfræðinga á nytjafiskistofnum.

*Samkvæmt gæðastefnu
stofnunarinnar er
markmiðið að vera leiðandi
í rannsóknum á hafinu,
vistkerfi hafsins og lifandi
auðlindum þess*

Hafrannsóknastofnun hefur komið á innra gæðastjórnunarkerfi og handbók með gæðaskjölum sem eru í stöðugri þróun. Sífelld er verið að bæta upplýsingum í gæðakerfið til dæmis verklagsreglum, vinnulýsingum, eyðublöðum, gátlistum og öðru verklagi er tengist starfsemi. Gæðahandbókin er á rafrænu formi á innri vef stofnunarinnar. Hún er aðgengileg starfsmönnum hennar sem skulu nýta sér þær upplýsingar og verkferla sem þar er að finna til að auka gæði vinnunnar og samræma vinnubrögðin. Hafrannsóknastofnun leitast við að beita aðferðum altækrar gæðastjórnunar þar sem starfsmenn taka virkan þátt í að bæta árangur starfseminnar.

Umhverfisstefna

Umhverfisstefna Hafrannsóknastofnunar og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi stofnunarinnar til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja umhverfisvitund. Stefnan tekur til allrar starfsemi stofnunarinnar og á einnig við um innkaup, vinnuumhverfi, notkun auðlinda ásamt meðferð efna og úrgangs. Umhverfisteymi er skipað starfsmönnum sem sjá um að framfylgja umhverfisstefnunni.



Stefnt er að eftirfarandi markmiðum:

- Vistvænum innkaupum
- Minni orkunotkun
- Minna sorpi og betri flokkun
- Sérstakri gát á eiturefnum sem stofnunin notar
- Vistvænar samgöngur verði notaðar ef þess er kostur
- Umhverfisstefnan sé sýnileg og í stöðugri þróun

Hafrannsóknastofnun heldur yfirlit yfir helstu „grænu“ lykiltölur í rekstri og skráir og vaktar árangurinn með það að markmiði að stuðla að betri nýtingu auðlinda, draga úr sóun hráefna og auka endurnýtingu og endurvinnslu. Dæmi: pappírnotkun, orkunotkun, efnanotkun og magn sorps.

Stefnt er að því að starfsfólk Hafrannsóknastofnunar fái reglulega fræðslu um umhverfismál.

Kynningarmál

Vísindamenn Hafrannsóknastofnunar kynntu rannsóknir sínar víða í ritum og með fyrirlestrum og veggspjöldum á ráðstefnum. Stofnunin tók samkvæmt venju þátt í hátíðarhöldum á Hátíð hafsins við Reykjavíkurhöfn í júní. Hafrannsóknastofnun tók þátt í vísindavöku Rannís í Háskólabíó í september þar sem áhersla var lögð á að sýna og segja frá rannsóknum stofnunarinnar á eiturþörungum. Rannsóknir stofnunarinnar voru einnig kynntar í föstum pistli í Útvegsblaðinu sem kemur út um það bil einu sinni í mánuði og er dreift ókeypis meðal sjómanna og þeirra sem starfa í sjávarútvegi. Fjölmarginir hópar heimsóttu Hafrannsóknastofnun til að kynna sér starfsemina, einkum innlendir og erlendir nemar á ýmsum skólastigum.

Ráðstefna. Fimmtudaginn 21. febrúar hélt Hafrannsóknastofnun sína árlegu ráðstefnu um haf- og fiskifræði við Ísland í 6. sinn. Að þessu sinni var efni

Upplýsingasetrið á fyrst og fremst að vekja áhuga og veita jákvæða upplifun af rannsóknum tengdum hafinu og starfsemi Hafrannsóknastofnunar.

ráðstefnunnar rannsóknir á áhrifum veðurfars á lífríki sjávar á Íslandsmiðum. Um 130 manns sóttu ráðstefnuna sem var haldin í nýjum fyrirlestrasal stofnunarinnar að Skúlagötu 4 og stóð frá kl 9 til 16. Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur var gestafyrirlesari og fjallaði í inngangserindi sínu um veðurfarssveiflur og tengsl þeirra við ástand sjávar við Ísland. Alls voru fluttir 12 fyrirlestrar á ráðstefnunni sem spönnuðu mjög vítt svið frá rannsóknum á ástandi sjávar og hafstraumum til breytilegrar útbreiðslu nytjafiska. Fjallað var um umhverfis-aðstæður og strauma og rannsóknir á áhrifum þeirra á fjölmargar tegundir nytjafiska. Í lokin tók Jóhann Sigurjónsson forstjóri saman það markverðasta sem komið hafði fram í erindum og umræðum og Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra sleit svo ráðstefnunni.

Upplýsingasetur. Á árinu var unnið að því að koma Upplýsingasetri Hafrannsóknastofnunar í gagnid en setrið er staðsett í endurnýjuðu húsnaði á jarðhæð. Upplýsingasetrið á fyrst og fremst að vekja áhuga og veita jákvæða upplifun af rannsóknum tengdum hafinu og starfsemi Hafrannsóknastofnunar. Þannig er markmiðið að veita almenningi og sérfræðingum innsýn í þau margvíslegu verkefni sem stofnunin sinnir. Hægt verður að fræðast um helstu auðlindir hafsins og hvernig við rannsökum og nýtum þær sem best. Verksvið Hafrannsóknastofnunar er vítt og fjölbreitt og mikil áskorun að gera því sem best skil á aðgengilegan hátt. Því verða ýmis kynningarform notuð svo sem veggskjáiir með ljósmyndum og videoefni, kortaborð með valmöguleikum, sýningakassar og fiskabúr. Gert er ráð fyrir að mikið af þessum upplýsingum megi einnig miðla gegnum heimasíðu Hafrannsóknastofnunar við uppfærslu hennar. Staðan í lok árs 2013 var sú að myndefni og stuttur fróðleikstexti var kominn inn á veggskjáiina og hægt er að velja ákveðið efni til afspilunar á þeim með snertiskjám. Sýningakassar voru komnir upp með sýningagripum og kynningartextum. Burðarsúlur eru nú myndskreyttar með fiskamyndum og þá eru fiskabúr og kortaborð í vinnslu og ráðgert að klára það 2014. Óhætt er að segja að allir þeir sem heimsótt hafa upplýsingasetrið á árinu hafa verið mjög ánægðir með heimsóknina.

Heimsóknir. Fjöldi gesta heimsótti Hafrannsóknastofnun á árinu, þar á meðal eftirfarandi:

- 14. jan. – Færeyski sjávarútvegsráðherra, Jacob Vestergaard.
- 8. mars – Meistaraneimar úr líffræði, umhverfisfræði og jarðfræði í Háskóla Íslands.
- 15. mars – Heimsókn sendinefndar frá Kína, stjórnarformanns Jian Song, Chinese Academy of Engineering.
- 18. mars – Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar.
- 20. mars – Heimsókn sendiherra erlendra ríkja – kynning á haf- og fiskirannsóknum.
- 16. apríl – Fulltrúar Youngs Bluecrest.
- 18. apríl – Nemendur úr 6. bekk Langholtsskóla – kynning á hvalrannsóknum.
- 2. maí – NIVA – Akvaplan, Noregi, heimsókn starfsmanna.

10. maí – Anders Ljunggren, sendiherra Svíþjóðar og Kent Johansson, þingmaður á Evrópuþingi.

10. júlí – Heimsókn nemenda við Institute of Hydrosiences, Munchen, Þýskalandi.

19. ágúst – Stuart Gills, sendiherra Stóra Bretlands.

10. okt. – Nemendur Fiskvinnsluskólans.

5. des. – Kínverskir hafvísindamenn frá National Natural Science Foundation of China.

Námskeið. Eftirfarandi námskeið voru haldin fyrir starfsmenn Hafrannsóknastofnunar á árinu 2013:

Námskeið í greiningu á kynþroska helstu botnfisktegunda. 7. febrúar. Kennari: Jón Sólmundsson.

Námskeið um meðferð og verðmæti afla var haldið fyrir sjómenn Hafrannsóknastofnunar. 20. febrúar. Kennari: Sigurjón Arason.

Námskeið í greiningu eitraðra svifþörungna. Apríl. Kennari: Hafsteinn G. Guðfinnsson.

Námsverkefni

Á árinu 2013 styrkti Hafrannsóknastofnun þrjá nemendur til doktorsnáms í haf- og fiskifræði (sjá töflu hér fyrir neðan). Auk þess komu nokkrir sérfræðingar að leiðsögn framhaldsnema í Háskóla Íslands og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Þá vinna nokkrir nemendur MS verkefni sín á stofnuninni með leiðsögn sérfræðinga.



Nemendur og starfsmenn sem nutu styrkja frá Hafrannsóknastofnun í tengslum við doktorsnám árið 2013.

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Skóli	Námsgráða
Bjarki Þór Elvarsson	Fæða hrefnu (Gadget)	Háskóli Íslands	Dr
Hrönn Egilsdóttir	Áhrif súmmunar sjávar á lífríkið	Háskóli Íslands	Dr
Teresa da Silva	Ecology of euphausiids in Icelandic waters	Háskóli Íslands	Dr

Eins og fram kemur í langtímaáætlun Hafrannsóknastofnunar verður veruleg þörf á nýjum sérfræðingum á komandi árum. Til þess að stuðla að slíkri nýliðun mun Hafrannsóknastofnun áfram styrkja doktors- og meistaranema þegar verkefni þeirra falla að starfsemi stofnunarinnar. Forsenda slíkra styrkveitinga er að stofnunin komi að mótun verkefnis og stefnt er að því að auglýsa styrki svo tryggt sé að þeirra njóti efnilegir nemendur í leit að frekari menntun á sviði haf- og fiskifræði.

SJÁVARÚTVEGSSKÓLI HÁSKÓLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Starfsemi Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna hófst árið 1998.

Meginmarkmið skólans er að stuðla að uppbyggingu og þróun veiða og vinnslu í þróunarlöndum þar sem veiðar og eldi á vatna- og sjávarfangi er mikilvægt fyrir lífsviðurværi þjóða, til tekjuöflunar og matvælaöryggis. Skólinn býður upp á hagnýtt nám og eflir mannauð og getu lykilaðila í sjávarútvegi í samstarfslöndum skólans.

Sjávarútvegsskólinn er rekinn af Hafrannsóknastofnun samkvæmt samningi milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna og utanríkisráðuneytisins. Matís, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri standa einnig að rekstri skólans og eiga fulltrúa í stjórn hans. Einnig er samstarf við fjölda annarra stofnana svo sem Hólaskóla og Háskólasetur Vestfjarða, sem og fyrirtækja.



